

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2022/1288****2024/EES/58/18****frá 6. apríl 2022**

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina atriði er varða efni og framsetningu upplýsinganna í tengslum við meginregluna um að „valda ekki verulegu tjóni“, tilgreina efni, aðferðafræði og framsetningu upplýsinganna í tengslum við sjálfbærnivísa og neikvæð áhrif á sjálfbærni og efni og framsetningu upplýsinganna í tengslum við eflingu umhverfislegra eða félagslegra þátta og markmið um sjálfbæra fjárfestingu í skjölum áður en samningur er gerður, á vefsíðum og í reglubundnum skýrslum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 frá 27. nóvember 2019 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu ⁽¹⁾, einkum 2. gr. a (3. mgr.), 4. gr. (þriðju undirgrein 6. mgr.), 4. gr. (annarri undirgrein 7. mgr.), 8. gr. (fjórðu undirgrein 3. mgr.), 8. gr. (fjórðu undirgrein 4. mgr.), 9. gr. (fjórðu undirgrein 5. mgr.), 9. gr. (fjórðu undirgrein 6. mgr.), 10. gr. (fjórðu undirgrein 2. mgr.), 11. gr. (fjórðu undirgrein 4. mgr.), 11. gr. (fjórðu undirgrein 5. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Upplýsingagjöf í tengslum við sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu ætti að vera nægilega skýr, hnitmiðuð og áberandi til að gera endanlegum fjárfestum kleift að taka upplýstar ákvarðanir. Í því skyni ættu endanlegir fjárfestar að hafa aðgang að áreiðanlegum gögnum sem þeir geta notað og greint tímanlega og á skilvirkan hátt. Þær upplýsingar sem eru veittar í slíkri upplýsingagjöf ætti því að yfirfara og endurskoða í samræmi við þær tilskipanir, reglugerðir og ákvæði landslaga sem um getur í 3. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088. Að auki ætti að mæla fyrir um reglur varðandi birtingu þessara upplýsinga á vefsetrum þegar slíkrar birtingar er krafist með reglugerð (ESB) 2019/2088.
- 2) Efni og framsetning upplýsingagjafar tengdrar sjálfbærni að því er varðar fjármálaafurðir sem vísa í körfu vísitalna ætti að veita endanlegum fjárfestum heildaryfirsýn yfir einkenni slíkra fjármálaafurða. Því er nauðsynlegt að sjálfbærnitengd upplýsingagjöf varðandi vísitölu, sem er tilnefnd sem tilvísunarviðmiðun og samanstandur af körfu vísitalna, nái bæði yfir körfuna og sérhverja vísitölu í þeirri körfu.
- 3) Fyrir endanlega fjárfesta sem hafa hagsmuni af sjálfbærniárangri aðila á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafa er nauðsynlegt að upplýsingar sem aðilar á fjármálamarkaði veita um helstu neikvæðu áhrif af fjárfestingarákvörðunum sínum á sjálfbærniþætti og fjármálaráðgjafar veita um helstu neikvæðu áhrif af fjárfestingarráðgjöf eða váttryggingaráðgjöf sinni á sjálfbærniþætti séu ítarlegar. Slíkar upplýsingar ættu því að ná yfir bæði beinar og óbeinar fjárfestingar í eignum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 196, 25.7.2022, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 325/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 48, 13.6.2024, bls. 51.

(1) Stjtið. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 1.

- 4) Nauðsynlegt er að tryggja að auðvelt sé að bera saman þær upplýsingar sem eru veittar og að auðvelt sé að skilja vísa um helstu neikvæðu áhrifin sem ákvarðanir um fjárfestingar hafa á sjálfbærniþætti. Slíkt samanburðarhæfi og skiljanleiki myndi aukast ef gerður væri greinarmunur á annars vegar vísunum um neikvæð áhrif sem ávallt leiða til helstu neikvæðu áhrifa og hins vegar aukavísunum um neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti sem eru mikilvægir fyrir aðilar á fjármálamarkaði. Þó er mikilvægt að tryggja að neikvæð áhrif af fjárfestingarákvörðunum á loftslag eða aðra umhverfistengda sjálfbærniþætti séu talin jafnmikilvæg og neikvæð áhrif af fjárfestingarákvörðunum á félags-, starfsmanna- eða mannréttindatengda sjálfbærniþætti eða sjálfbærniþætti sem varða baráttu gegn spillingu og mútum. Aukavísar um helstu neikvæðu áhrifin ættu því að varða a.m.k. einn þessara þátta. Til að tryggja samræmi við aðra sjálfbærnitengda upplýsingagjöf ættu vísar fyrir helstu neikvæð áhrif að nota staðlaðar mælistukur, þar sem við á, og byggjast á vísunum sem notaðir eru í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1818 ⁽²⁾ og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2139 ⁽³⁾.
- 5) Til að styrkja frekar samanburðarhæfi þeirra upplýsinga sem á að birta ættu upplýsingar um helstu neikvæðu áhrifin að varða viðmiðunartímabil sem standa frá 1. janúar til 31. desember á næstliðnu ári og skulu birtar eigi síðar en 30. júní ár hvert sem sameiginleg dagsetning. Þó er mögulegt að fjárfestingasafn aðila á fjármálamarkaði breytist reglulega á slíkum viðmiðunartímabilum. Því ætti ákvörðun um helstu neikvæð áhrif að eiga sér stað á a.m.k. fjórum tilgreindum dagsetningum á slíku viðmiðunartímabili og birta ætti meðaltalsniðurstöðuna árlega. Til að tryggja að endanlegir fjárfestar geti borið saman hvernig aðilar á fjármálamarkaði hafa skoðað helstu neikvæðu áhrif yfir lengri tíma ættu aðilar á fjármálamarkaði að veita sögulegan samanburð frá ári til árs á skýrslum sínum fyrir a.m.k. fimm fyrri viðmiðunartímabil, ef hann er tiltækur.
- 6) Veita ætti þeim aðilum á fjármálamarkaði sem skoða helstu neikvæðu áhrif í fyrsta skipti á tilteknu almanaksári viðeigandi meðferð en jafnframt ætti að tryggja að endanlegir fjárfestar hljóti nægjanlegar upplýsingar áður en þeir taka fjárfestingarákvarðanir. Slíkir aðilar á fjármálamarkaði ættu því að birta upplýsingar um aðgerðir sem þeir skipuleggja eða markmið sem þeir setja fyrir næsta viðmiðunartímabil til að komast hjá eða draga úr helstu neikvæðu áhrifum sem komið hafa í ljós. Af sömu ástæðu ættu þeir einnig að birta upplýsingar um stefnu sína til að tilgreina og forgangsraða helstu neikvæðu áhrifum á sjálfbærniþætti og alþjóðlega staðla sem þau munu beita á næsta viðmiðunartímabili.
- 7) Endanlegir fjárfestar ættu, án tillits til þess aðildarríkis sem þeir hafa fasta búsetu í, að geta borið saman birt neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti. Aðilar á fjármálamarkaði skulu því leggja fram samantekt á upplýsingagjöf sinni bæði á tungumáli sem hefur er fyrir að nota í alþjóðafjármálageiranum og á einu af opinberum tungumálum þeirra aðildarríkja þar sem fjármálaafurðir þessara aðila á fjármálamarkaði eru gerðar aðgengilegar.
- 8) Fjármálaráðgjafar nota upplýsingar um helstu neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti sem aðilar á fjármálamarkaði hafa veitt. Upplýsingar sem fjármálaráðgjafar veita um hvort og hvernig þeir taka tillit til helstu neikvæðu áhrifa á sjálfbærniþætti í fjárfestinga- eða váttryggingaráðgjöf sinni ættu því að lýsa á skýran hátt hvernig þeir vinna upplýsingar frá aðilum á fjármálamarkaði og fella þær inn í fjárfestinga- eða váttryggingaráðgjöfina. Einkum ættu fjármálaráðgjafar sem reiða sig á viðmiðanir eða viðmiðunarmörk varðandi helstu neikvæðu áhrif á þá sjálfbærniþætti sem eru notaðir til að velja eða veita ráðgjöf um fjármálaafurðir að birta þessar viðmiðanir eða viðmiðunarmörk.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1818 frá 17. júlí 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/1011 að því er varðar lágmarksstaðla fyrir viðmiðanir ESB vegna loftslagstengdra umbreytinga og viðmiðanir ESB sem eru lagaðar að Parísarsamningnum (Stjtið. ESB L 406, 3.12.2020, bls. 17).

⁽³⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2139 frá 4. júní 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 með því að fastsetja tæknileg matsviðmið til að ákvarða við hvaða skilyrði atvinnustarfsemi telst stuðla verulega að mótþægi við loftslagsbreytingar eða aðlögun að loftslagsbreytingum og til að ákvarða hvort þessi atvinnustarfsemi veldur umtalsverðu tjóni á einhverjum öðrum almennum umhverfismarkmiðum (Stjtið. ESB L 442, 9.12.2021, bls. 1).

- 9) Mælistikur fyrir kolefnisspor eru enn ekki fullmótaðar. Þeir aðilar á fjármálamarkaði sem, í samræmi við d-lið 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088, vísa í upplýsingum sínum á einingastigi til þess að hve miklu leyti fjármálaafurðir þeirra samræmast markmiðum Parísarsamningsins, sem samþykktur var með rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, ættu því að byggja slíkar upplýsingar á framsýnum loftslagssviðsmyndum.
- 10) Ein leið til að fjármálaafurðir geti eflt umhverfislega eða félagslega þætti er að taka tillit til helstu neikvæðu áhrifa af fjárfestingarákvörðunum. Fjármálaafurðir sem hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði verða, sem hluti af þeirri upplýsingagjöf sem er gerð með tilliti til meginreglunnar um að „valda ekki verulegu tjóni“, einnig að taka mið af sjálfbærnivisum í tengslum við þau neikvæðu áhrif sem um getur í 6. og 7. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088. Af þessum sökum ættu aðilar á fjármálamarkaði að tilgreina, sem hluta af upplýsingagjöf sinni um sjálfbærni, hvernig þeir skoða helstu neikvæðu áhrif af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti fyrir þessar fjármálaafurðir.
- 11) Í annarri undirgrein 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 er þess krafist að aðilar á fjármálamarkaði sem bjóða fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti greini frá þeim þáttum án þess að villa um fyrir endanlegum fjárfestum. Það felur í sér að aðilar á fjármálamarkaði ættu ekki að greina frá sjálfbærni, þ.m.t. með afurðaflokkun, á þann hátt að það endurspegli ekki með hvaða hætti fjármálaafurðin eflir á skilvirkan hátt þessa umhverfislega eða félagslega þætti. Aðilar á fjármálamarkaði ættu því aðeins að birta þær viðmiðanir fyrir val á undirliggjandi eignum sem eru bindandi við ákvarðanatökufæri fjárfestinga og ekki viðmiðanir sem þeir gætu litið framhjá eða látið víkja að eigin ákvörðun.
- 12) Fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti má nota til að fjárfesta í margs konar undirliggjandi eignum sem sumar hverjar geta ekki sjálfar talist sjálfbærar fjárfestingar eða stuðla að þeim sérstöku umhverfislegu eða félagslegu þáttum sem fjármálaafurðin eflir. Dæmi um slíkar fjárfestingar eru áhættuvarnargerningar, órýndar fjárfestingar í því skyni að auka fjölbreytni, fjárfestingar sem gögn skortir um eða reiðufé sem er notað sem viðbótarlausafé. Því ættu aðilar á fjármálamarkaði sem gera slíkar fjármálaafurðir aðgengilegar að vera fyllilega gagnsærir varðandi ráðstöfun undirliggjandi fjárfestinga í þessa fjárfestingarflokka.
- 13) Fjármálaafurðir geta eflt umhverfislega eða félagslega þætti á marga vegu, þ.m.t. í skjali áður en samningur er gerður eða reglubundnu skjali, í afurðaheiti eða markaðsefni um fjárfestingaráætlun, stöðlum fyrir fjármálaafurðir, merkimiðum sem þær fylgja eða viðeigandi skilyrðum fyrir sjálfvirka skráningu. Til að tryggja samanburðarhæfi og skiljanleika umhverfislegra eða félagslegra þátta sem eflir eru ættu aðilar á fjármálamarkaði sem bjóða fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti að staðfesta upplýsingar um eflingu umhverfislegra eða félagslegra þátta í viðaukum við skjölin eða upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf áður en samningur er gerður og reglubundna upplýsingagjöf.
- 14) Fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti hafa mismikinn metnað þegar kemur að sjálfbærni. Ef þessar fjármálaafurðir vinna að sjálfbærri fjárfestingu að hluta til ættu aðilar á fjármálamarkaði því að staðfesta þá staðreynd í viðaukum við skjölin eða upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf áður en samningur er gerður og reglubundna upplýsingagjöf til að tryggja að endanlegir fjárfestar geti skilið ólík stig sjálfbærni og tekið upplýstar fjárfestingarákvarðanir með tilliti til sjálfbærni.
- 15) Þó að fjármálaafurðir sem hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði ættu eingöngu að vera sjálfbærar fjárfestingar geta slíkar afurðir að einhverju leyti fjárfest í öðrum fjárfestingum þegar þess er krafist samkvæmt sértækum reglum um geira. Því er viðeigandi að krefjast upplýsingagjafar um fjárhæðir og tilgang annarra fjárfestinga svo hægt sé að sannprófa að þessar fjárfestingar komi ekki í veg fyrir að fjármálaafurðin nái markmiði sínu um sjálfbæra fjárfestingu.

- 16) Margar fjármálaafurðir reiða sig á útilokunaraðferðir sem byggja á umhverfislegum eða félagslegum viðmiðunum. Veita ætti endanlegum fjárfestum nauðsynlegar upplýsingar til að meta áhrif slíkra viðmiðana á fjárfestingarákvarðanir og áhrif slíkra útilokunaraðferða á samsetningu eignasafnsins sem af þeim leiðir. Markaðsvenja sýnir að sumar útilokunaraðferðir eru sýndar sem skilvirkar, þegar þær leiða í raun til þess að einungis takmarkaður fjöldi fjárfestinga er útilokaður eða byggður á útilokunum sem krafist er samkvæmt lögum. Því er nauðsynlegt að bregðast við áhyggjum af „grænþvotti“, sem miðar að því að ná ósanngjörnu samkeppnisforskoti með því að mæla með fjármálaafurð sem umhverfisvænni eða umhverfissjálfbærri þegar hún uppfyllir í raun ekki grundvallar umhverfislega eða aðra sjálfbærnitengda staðla. Til að koma í veg fyrir villandi söluaðferðir og grænþvott og til að veita endanlegum fjárfestum betri skilning á áhrifum af útilokunaraðferðum sem tiltekna fjármálaafurðir beita, ættu aðilar á fjármálamarkaði að staðfesta allar skuldbindingar með tilliti til útilokaðra fjárfestinga, einkum sem bindandi þætti fjárfestingaráætlunarinnar, í upplýsingum um eignaskiptingu og upplýsingum um sjálfbærnivísa sem notaðir eru til að mæla áhrif af slíkum aðferðum.
- 17) Reglugerð (ESB) 2019/2088 miðar að því að draga úr ósamræmi í upplýsingum í sambandi milli umbjóðanda og umboðsaðila að því er varðar eflingu umhverfislegra eða félagslegra þátta og markmiða um sjálfbæra fjárfestingu. Því er þess krafist í þeirri reglugerð að aðilar á fjármálamarkaði veiti endanlegum fjárfestum upplýsingar áður en samningur er gerður og á vefsetri þegar þeir koma fram sem umboðsaðilar þessara endanlegru fjárfesta. Til að krafan nái fullri virkni ættu aðilar á fjármálamarkaði að fylgjast með því allan líftíma fjármálaafurðar hvernig sú afurð samræmist uppgefnum umhverfislegum eða félagslegum þáttum eða markmiði um sjálfbæra fjárfestingu. Því ættu aðilar á fjármálamarkaði að útskýra innra eða ytra eftirlitskerfi sem komið er á, sem hluta af birtingu upplýsinga á vefsetri, til að fylgjast með því að farið sé að reglum á áframhaldandi grunni.
- 18) Í ákvæðum reglugerðar (ESB) 2019/2088 er tilgreint að mat á góðum stjórnarháttum sé óaðskiljanlegur hluti fjármálaafurða sem efla umhverfislega eða félagslega þætti eða hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði. Því ættu aðilar á fjármálamarkaði, sem bjóða fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti eða sem hafa markmið um sjálfbærar fjárfestingar, að birta upplýsingar um stefnur sínar til að meta góða stjórnarhætti félaga sem fjárfest er í.
- 19) Í b-lið 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 er þess krafist að aðilar á fjármálamarkaði sem bjóða fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti og nota tilgreinda vísitölu sem tilvísunarviðmiðun birti hvort og hvernig sú vísitala samræmist þeim þáttum. Á hinn bóginn er þess krafist í 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 að aðilar á fjármálamarkaði sem gera aðgengilegar fjármálaafurðir sem hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði og nota tilgreinda vísitölu sem tilvísunarviðmiðun birti hvernig sú vísitala er samræmist fjárfestingarmarkmiðinu og hvers vegna og hvernig sú tilgreinda vísitala er frábrugðin breiðri markaðsvísitölu. Að því er slíkar fjármálaafurðir varðar ættu aðilar á fjármálamarkaði því að sýna með skýrum hætti fram á að útfærsla tilnefndrar vísitölu sé viðeigandi til að ná yfirlýstu markmiði um sjálfbæra fjárfestingu og að sú aðferð sem notuð er til að framleiða fjármálaafurðina tryggi að hún sé stöðugt löguð að vísitölunni. Því ætti upplýsingagjöf um aðferðafræði að vera gerð á vísitölustigi fyrir slíkar fjármálaafurðir.
- 20) Aðilar á fjármálamarkaði geta notað ýmsar fjárfestingaraðferðir til að tryggja að þær fjármálaafurðir sem þeir gera aðgengilegar uppfylli umhverfislega eða félagslega þætti eða til að ná markmiði um sjálfbæra fjárfestingu. Aðilar á fjármálamarkaði geta fjárfest beint í verðbréfum sem félög sem fjárfest er í gefa út eða gert óbeinar fjárfestingar. Aðilar á fjármálamarkaði ættu að vera gagnsærir að því er varðar hvaða hlut fjárfestinga er haldið beint og hvaða hlutur er með óbeinu eignarhaldi. Einkum skulu aðilar á fjármálamarkaði útskýra hvernig notkun afleiðna samrýmist þeim umhverfislegu eða félagslegu þáttum sem fjármálaafurðin eflir eða markmiði um sjálfbæra fjárfestingu.
- 21) Til að tryggja gagnsæi gagnvart endanlegum fjárfestum ættu upplýsingar, sem veittar eru áður en samningur er gerður, um fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti, að gera ljóst með yfirlýsingu að slíkar afurðir hafi sjálfbæra fjárfestingu ekki að markmiði. Í sama tilgangi, og til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði við fjármálaafurðir sem hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði, ættu upplýsingar sem veittar eru áður en samningur er gerður, upplýsingar á vefsetri og reglubundnar upplýsingar um afurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti einnig að tilgreina hlutfall sjálfbærra fjárfestinga.

- 22) Í 17. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 er sjálfbær fjárfesting skilgreind sem fjárfesting í atvinnustarfsemi sem stuðlar að umhverfislegu eða félagslegu markmiði eða fjárfesting í mannauði eða samfélögum sem standa fjárhagslega eða félagslega höllum fæti, að því tilskildu að slíkar fjárfestingar skaði engin þessara markmiða verulega og að þau félög sem fjárfest er í fylgi góðum stjórnarháttum. Meginreglan um að „valda ekki verulegu tjóni“ er sérstaklega mikilvæg fyrir fjármálaafurðir sem hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði, þar sem fylgni við þá meginreglu er nauðsynleg viðmiðun til að meta hvort fjárfesting nái markmiðinu um sjálfbæra fjárfestingu. Þessi meginregla á þó einnig við um fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti þegar þær fjárfesta í sjálfbærum fjárfestingum, þar sem aðilar á fjármálamarkaði ættu að veita upplýsingar um hlutfall þeirra sjálfbæru fjárfestinga sem ráðist var í. Aðilar á fjármálamarkaði sem bjóða fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti sem að hluta fjárfesta í sjálfbærum fjárfestingum eða fjármálaafurðir sem hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði sínu ættu þannig að veita upplýsingar varðandi meginregluna um að „valda ekki verulegu tjóni“. Meginreglan um að „valda ekki verulegu tjóni“ tengist upplýsingagjöf um helstu neikvæðu áhrif fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti. Af þeim sökum ættu upplýsingar um fjármálaafurðir varðandi meginregluna um að „valda ekki verulegu tjóni“ að útskýra hvernig tekið hefur verið tillit til vísa um neikvæðu áhrif. Enn fremur, þar sem þessar upplýsingar eru nátengdar reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 ⁽⁴⁾, er rétt að krefjast viðbótarupplýsinga um samræmingu fjárfestinga við þær lágmarksverndarráðstafanir sem settar eru fram í þeirri reglugerð.
- 23) Til að gera endanlegum fjárfestum kleift að skilja betur þær fjárfestingaráætlanir sem í boði eru ættu aðilar á fjármálamarkaði að nota sjálfbærnitengda upplýsingagjöf á vefsetri til að fjalla á hnitmiðaðan hátt um efni sem birt er í skjölum áður en samningur er gerður og veita frekari upplýsingar sem skipta máli fyrir þessa endanlegu fjárfesta. Áður en samningur er gerður ættu aðilar á fjármálamarkaði að upplýsa endanlega fjárfesta um að frekari afurðarsértækar, ítarlegar upplýsingar sé að finna á vefsetrinu og veita þeim tengil við þær upplýsingar.
- 24) Upplýsingagjöf um afurðir á vefsetri ætti að veita viðbótarupplýsingar um þá fjárfestingaráætlun sem notuð er fyrir viðkomandi fjármálaafurð, þ.m.t. stefnu um mat á góðum stjórnunarháttum félaga sem fjárfest er í og þá aðferðafræði sem notuð er til að mæla hvort fjármálaafurðin uppfylli umhverfislega eða félagslega þætti eða nái markmiðum um sjálfbærar fjárfestingar. Enn fremur ættu aðilar á fjármálamarkaði að birta á vefsetri sínu skýra, gagnorða og skiljanlega samantekt á þeim upplýsingum sem veittar eru sem hluti af reglubundnum skýrslum.
- 25) Að því er varðar efni reglubundinnar upplýsingagjafar sem krafist er í 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 ættu aðilar á fjármálamarkaði að lágmarki að birta tiltekna staðlaða og sambærilega meginndlega og eigindlega vísa sem sýna hvernig hver fjármálaafurð uppfyllir þá umhverfislegu eða félagslegu þætti sem hún eflir eða það markmið um sjálfbæra fjárfestingu sem hún stefnir að. Þessir vísar ættu að vera viðeigandi fyrir hönnun og fjárfestingaráætlun fjármálaafurðarinnar eins og lýst er í upplýsingum um fjármálaafurð áður en samningur er gerður. Til að tryggja samræmi á milli upplýsinga sem veittar eru áður en samningur er gerður og reglubundinnar upplýsingagjafar ættu aðilar á fjármálamarkaði einkum að tilgreina í reglulegri upplýsingagjöf tiltekna sjálfbærnivísa sem nefndir eru í upplýsingum sem eru veittar áður en samningur er gerður og sem notaðir eru til að mæla hvernig umhverfislegir eða félagslegir þætti eru uppfylltir eða hvernig markmiði um sjálfbæra fjárfestingu er náð.
- 26) Nauðsynlegt er að tryggja að endanlegir fjárfestar hafi skýra yfirsýn yfir fjárfestingar fjármálaafurðarinnar. Því ættu aðilar á fjármálamarkaði að veita, í þeim reglubundnu skýrslum sem ákvæði 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 krefjast, upplýsingar um áhrif af fimmtán helstu fjárfestingum fjármálaafurðarinnar. Velja ætti þessar helstu fjárfestingar á grundvelli þeirra fjárfestinga sem standa fyrir stærstan hluta fjárfestinga á því tímabili sem reglubundna skýrslan tekur til, reiknað með viðeigandi millibili sem er dæmigert fyrir það tímabil. En ef helmingur fjárfestinga fjármálaafurðarinnar er innan við fimmtán fjárfestingar ættu aðilar á fjármálamarkaði þó eingöngu að veita upplýsingar um þessar fjárfestingar. Til að tryggja fullnægjandi samanburðarhæfi til lengri tíma skulu aðilar á fjármálamarkaði enn fremur veita sögulegan samanburð frá ári til árs í reglubundnum skýrslum sínum fyrir a.m.k. fimm fyrri tímabil, að því tilskildu að reglubundnar skýrslur fyrir tímabilin séu tiltækar.

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 frá 18. júní 2020 um að koma á fót ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 (Stjtið. ESB L 198, 22.6.2020, bls. 13).

- 27) Aðilar á fjármálamarkaði sem gera aðgengilegar fjármálaafurðir sem nota tilvísunarviðmiðun til að uppfylla umhverfislega eða félagslega þætti eða til að ná markmiðinu um sjálfbæra fjárfestingu ættu að vera gagnsær varðandi hversu vel fjármálaafurð getur haldist í samræmi við tilgreinda tilvísunarviðmiðun þegar stefnt er að því að uppfylla eða ná téðum þætti eða markmiði. Af þeim sökum og til að stuðla að samræmi við upplýsingagjöf um umhverfislega, félagslega og stjórnnunarlega (UFS) þætti, sem krafist er á viðmiðunarstigi í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 ⁽⁵⁾, ættu aðilar á fjármálamarkaði í reglubundnum skýrslum sínum að bera afkomu viðkomandi fjármálaafurða saman við tilgreinda tilvísunarviðmiðun fyrir alla þá sjálfbærnivísa sem skipta máli til að sýna fram á að tilgreind viðmiðun falli að umhverfislegum eða félagslegum þáttum fjármálaafurðar eða markmiðum hennar um sjálfbæra fjárfestingu. Samanburðurinn ætti einnig að gera endanlegum fjárfestum kleift að ákvarða skýrt að hvaða marki fjármálaafurð skilar sjálfbærni samanborið við afkomu almennrar afurðar.
- 28) Nauðsynlegt er að tryggja að fjárfestar geti nýtt sér upplýsingagjöf tengda sjálfbærni í tengslum við tilboð um fjármálaafurð frá aðila á fjármálamarkaði í öðru aðildarríki. Aðilar á fjármálamarkaði skulu því veita samantekt á þeim upplýsingum sem eru veittar í þessari sjálfbærnitengdu upplýsingagjöf á tungumáli sem hefur er fyrir að nota í alþjóðafjármálageiranum. Ef fjármálaafurð er gerð aðgengileg utan þess aðildarríkis þar sem aðili á fjármálamarkaði hefur staðfestu ætti einnig að leggja fram samantekt þessara upplýsinga á einu af þeim opinberu tungumálum aðildarríkisins þar sem fjármálaafurðin er gerð aðgengileg.
- 29) Nauðsynlegt er að tryggja samanburðarhæfi yfirlýsingar um helstu neikvæðu áhrifin, upplýsinga sem veittar eru áður en samningur er gerður og reglubundinnar upplýsingagjafar sem krafist er samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/2088 og að tryggja að slíkar upplýsingar séu auðskiljanlegar endanlegum fjárfestum. Því þykir rétt að setja fram stöðluð sniðmát fyrir birtingu þessara upplýsinga. Af sömu ástæðu ættu sniðmátin að fela í sér samantekt útskýringa á lykilhugtökum sem notuð eru í þessum sniðmátum.
- 30) Tilteknar fjármálaafurðir geta boðið endanlegum fjárfestum ýmsa undirliggjandi fjárfestingarkosti. Nauðsynlegt er að tryggja að endanlegir fjárfestar séu upplýstir um mögulegan sjálfbærniárangur slíkra afurða og að gerð sé krafa um að aðilar á fjármálamarkaði veiti upplýsingar um þá valkosti sem efla umhverfislega eða félagslega þætti eða hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði. Í þessum upplýsingum ætti að koma skýrt fram, að því er varðar fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti, að það að hvaða marki afurðirnar uppfylla þættina fari eftir því hlutfalli valkosta sem efla þá þætti sem endanlegur fjárfestir velur og tímabilinu þegar endanlegur fjárfestir fjárfestir í þessum valkostum. Í veittum upplýsingum ætti einnig að koma skýrt fram að þegar kemur að fjármálaafurðum sem hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði verða allir undirliggjandi fjárfestingarkostir að hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði. Til eru fjármálaafurðir sem bjóða endanlegum fjárfestum ýmsa undirliggjandi fjárfestingarkosti þar sem einn eða fleiri undirliggjandi fjárfestingarkostir teljast fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti. Til að tryggja fullt gagnsæi er mikilvægt að tryggja að upplýsingar um þessar fjármálaafurðir nái einnig til þessara valkosta. Einnig eru til fjármálaafurðir þar sem einn eða fleiri undirliggjandi fjárfestingarkostir eru fjármálaafurðir sem hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði. Í því tilviki skulu upplýsingar um þær afurðir einnig ná yfir þá valkosti. Einnig eru til fjármálaafurðir með einn eða fleiri undirliggjandi fjárfestingarkosti sem hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði en valkostirnir eru ekki fjármálaafurðir eins og þær eru skilgreindar í 12. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088. Þar sem þessir valkostir eru innan heildarfjármálaafurðar innan gildissviðs reglugerðar (ESB) 2019/2088 og hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði þykir rétt að krefjast þess að lágmarksupplýsingar séu veittar um markmið þeirra um sjálfbæra fjárfestingu.
- 31) Upplýsingagjöf áður en samningur er gerður fyrir fjármálaafurðir sem bjóða úrval undirliggjandi fjárfestingarkosta ætti að veita viðeigandi sjálfbærnitengdar upplýsingar um fjármálaafurð í heild sinni. Endanlegir fjárfestar ættu að fá samantektarskrá yfir undirliggjandi sjálfbærnitengda fjárfestingarkosti og skýra tilgreiningu á hvar finna megi

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vititölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagæringum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 (Stjtið. ESB L 171, 29.6.2016, bls.1).

sjálfbærnitengdar upplýsingar um þessa valkosti. Sú skrá ætti að tryggja að undirliggjandi fjárfestingarkostir séu flokkaðir á viðeigandi hátt með tilliti til markmiðs um sjálfbæra fjárfestingu og eflingar umhverfislegra eða félagslegra þátta.

- 32) Ef sjálfbærnitengdar upplýsingar eru veittar með beinum hætti í formi viðauka við upplýsingarnar sem veittar eru áður en samningur er gerður og um getur í reglugerð (ESB) 2019/2088 kann það að koma í veg fyrir að endanlegur fjárfestir fái skýra og hnitmiðaða upplýsingagjöf vegna þess að fjármálaafurðin getur boðið mikið úrval undirliggjandi fjárfestingarkosta og samsvarandi fjölda viðauka með upplýsingum. Í slíkum tilvikum ætti að leyfa að slíkar upplýsingar séu veittar með tilvísun í aðrar upplýsingar sem veittar eru samkvæmt tilskipunum, reglugerðum eða landslögum. Að því er varðar reglubundna upplýsingagjöf um fjármálaafurðir sem bjóða ýmsa undirliggjandi fjárfestingarkosti ætti reglubundna upplýsingagjöfin aðeins að tengjast þeim fjárfestingarkostum sem fjárfest er í vegna þess að þeir fjárfestingarkostir sem í raun er fjárfest í ráða að hve miklu leyti fjármálaafurðin uppfyllir þá umhverfislegu eða félagslegu þætti sem hún eflir eða nær markmiði sínu um sjálfbæra fjárfestingu.
- 33) Með reglugerð (ESB) 2020/852 var reglugerð (ESB) 2019/2088 breytt með því að gera kröfu um að aðilar á fjármálamarkaði láti fylgja í upplýsingagjöf áður en samningur er gerður, og í reglubundinni upplýsingagjöf um fjármálaafurðir sem hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði og fjárfesta í atvinnustarfsemi sem stuðlar að almennu umhverfismarkmiði í skilningi 17. liðar 2. gr. þeirrar reglugerðar, upplýsingar um almennt umhverfismarkmið eins og sett er fram í reglugerð (ESB) 2020/852 og lýsingu á hvernig og að hvaða marki þær fjárfestingar sem liggja til grundvallar fjármálaafurðinni eru í umhverfissjálfbærri atvinnustarfsemi eins og um getur í 3. gr. þeirrar reglugerðar. Að auki er nú einnig krafist í reglugerð (ESB) 2019/2088 að aðilar á fjármálamarkaði taki með í upplýsingagjöf áður en samningur er gerður og reglubundna birtingu upplýsinga um fjármálaafurðir sem efla umhverfislega þætti, upplýsingar sem krafist er fyrir fjármálaafurðir sem hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði og fjárfesta í atvinnustarfsemi sem stuðlar að almennu umhverfismarkmiði í skilningi þeirrar reglugerðar. Nauðsynlegt er að gera endanlegum fjárfestum kleift að bera auðveldlega saman fjárfestingar í umhverfissjálfbærri atvinnustarfsemi. Því ættu aðilar á fjármálamarkaði, að því er varðar 1. og 2. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088, að láta fylgja í viðaukum við skjölin eða upplýsingarnar, sem um getur í 3. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 11. gr. þeirrar reglugerðar, myndræna framsetningu slíkra fjárfestinga á grundvelli staðlaðrar mælistiku þar sem teljarinn samanstendur af markaðsvirði fjárfestinga í umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi og nefnarinn samanstendur af markaðsvirði allra fjárfestinga. Til að veita endanlegum fjárfestum áreiðanlegar upplýsingar skal teljarinn hafa að geyma markaðsvirði fjárfestinga í félögum sem fjárfest er í, sem eru hluti af umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi þeirra félaga sem fjárfest er í, og ágóða af skuldabréfum þar sem þess er krafist að ágóðinn sé notaður til umhverfislega sjálfbærrar efnahagslegrar starfsemi í skilmálum skuldabréfanna. Til að ná yfir allar fjárfestingar sem geta fjármagnað umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi ætti að teljarinn að geta falið í sér innviðaeignir, fasteignir, verðbréfaðar eignir og fjárfestingar í öðrum fjármálaafurðum eins og um getur í fyrstu málsgrein 5. gr. og fyrstu málsgrein 6. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852. Vegna skorts á áreiðanlegri aðferðafræði til að ákvarða að hve miklu leyti áhættuskuldbindingum, sem er náð með afleiðum, séu áhættuskuldbindingar vegna umhverfislega sjálfbærrar atvinnustarfsemi ætti ekki að taka slíkar áhættuskuldbindingar með í teljarann. Nefnarinn ætti að samanstanda af markaðsvirði allra fjárfestinga.
- 34) Eins og sakir standa er engin viðeigandi aðferðafræði til að reikna út að hvaða marki áhættuskuldbindingar vegna ríkja, seðlabanka og yfirþjóðlegra útgefenda („áhættuskuldbindingar gagnvart ríki“) eru áhættuskuldbindingar vegna umhverfislega sjálfbærrar atvinnustarfsemi. Til að auka vitund endanlegra fjárfesta er rétt að reikna út og sýna myndrænt umfang fjárfestinga í umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi á tvo vegu. Sú fyrri er að leyfa að fjárfestingar í skuldabréfum, sem ríkisstjórnir, seðlabankar og yfirþjóðlegir útgefendur gefa út, séu teknar með í teljarann ef þess er krafist í skilmálum skuldabréfanna að ágóðinn verði notaður til umhverfislega sjálfbærrar atvinnustarfsemi og að fjárfestingar í skuldabréfum frá ríkisstjórnunum, seðlabönkum og yfirþjóðlegum útgefendum séu felldar inn í teljarann, án tillits til notkunar á ágóðanum. Til að leggja grunn að fjárfestingarákvörðunum endanlegra fjárfesta frekar ættu aðilar á fjármálamarkaði að útskýra hvers vegna tilteknar áhættuskuldbindingar gagnvart ríkjum eru ekki í umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi, þ.m.t. ef svo er vegna skorts á viðeigandi aðferðafræði til að reikna út að hvaða marki þessar áhættuskuldbindingar eru áhættuskuldbindingar vegna umhverfislega sjálfbærrar atvinnustarfsemi. Hin leiðin er að undanskilja áhættuskuldbindingar gagnvart ríkjum frá teljara og nefnara og auka þannig enn frekar samanburðarhæfi fjármálaafurða og gera endanlegum fjárfestum kleift að meta að hvaða marki fjármálaafurðir fjárfesta í umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi án þess að áhættuskuldbindingar gagnvart ríkjum séu teknar með.

- 35) Aðilar á fjármálamörkuðum ættu að geta treyst á gagnaveitendur sem eru þriðju aðilar ef fyrirtæki hafa ekki enn uppfyllt þá skyldu, sem mælt er fyrir um í 8. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, að veita upplýsingar um hvernig og að hvaða marki starfsemi þeirra tengist atvinnustarfsemi sem telst umhverfislega sjálfbær samkvæmt 3. og 9. gr. þeirrar reglugerðar. Að því er varðar mat á fjárfestingum í félögum sem fjárfest er í sem falla ekki undir upplýsingagjöfina sem gerð er krafa um í 8. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, ættu aðilar á fjármálamarkaði að meta og nota opinberlega birt gögn. Aðeins ætti að heimila aðilum á fjármálamarkaði að nota gögn, sem annaðhvort eru fengin beint frá félögum sem fjárfest er í eða frá þriðju aðilum, ef slík gögn eru ekki tiltæk, í hverju tilviki fyrir sig að því tilskildu að þau gögn sem gerð eru aðgengileg samkvæmt slíkri upplýsingagjöf séu jafngild gögnunum sem gerð eru aðgengileg samkvæmt upplýsingagjöfinni sem gerð er í samræmi við þá 8. gr.
- 36) Nauðsynlegt er að tryggja að fjármálaafurðir veiti með samræmdum hætti upplýsingar um að hvaða marki fjárfestingar í félögum sem fjárfest er í, sem eru ekki fyrirtæki á fjármálamarkaði, eru fjárfestingar í umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi skv. 3. og 9. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852. Í því skyni ættu aðilar á fjármálamarkaði að velja annaðhvort það hlutfall af veltu, fjárfestingarútgjöldum eða rekstrarútgjöldum sem nota skal til að reikna út lykilárangursmælikvarða fyrir hverja fjármálaafurð til að mæla það umfang og ættu þeir að birta valið í þeim viðaukum við skjölin eða upplýsingum sem um getur í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088. Til að tryggja samanburðarhæfi fjármálaafurða og auðvelda endanlegum fjárfestum að skilja þær ætti lykilárangursmælikvarðinn sjálfgefið að vera velta. Aðeins ætti að nota fjárfestingarútgjöld eða rekstrarkostnað ef einkenni fjármálaafurðar réttlæta slíka notkun, einkum þegar fjárfestingarútgjöld eða rekstrarkostnaður eru dæmigerðari fyrir það að hve miklu leyti þessar fjármálaafurðir fjárfesta í umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi og að því tilskildu að slík notkun sé útskýrð. Að því er varðar félög sem fjárfest er í og eru fyrirtæki á fjármálamarkaði, eins og skilgreint er í 8. lið 1. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2178 ⁽⁶⁾, ætti að ná samanburðarhæfi með því að krefjast þess að notaður sé sami lykilárangursmælikvarði fyrir sömu gerð fyrirtækis á fjármálamarkaði. Að því er varðar váttryggingafélög og endurtryggingafélög sem leggja stund á skaðatryggingarstarfsemi ætti að vera hægt að sameina lykilárangursmælikvarða fyrir bæði fjárfestingar og skaðatryggingar í einn lykilárangursmælikvarða. Til að stuðla að gagnsæi fyrir endanlega fjárfesta er nauðsynlegt að gera kröfu um að reglubundin upplýsingagjöf um hvernig og að hve miklu leyti fjárfestingar, sem liggja til grundvallar fjármálaafurðinni, eru gerðar í umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi veiti samanburð við markhlutfall fjárfestinga í þessari atvinnustarfsemi sem birtist í þeim upplýsingum sem veittar eru áður en samningur er gerður. Til að tryggja samanburðarhæfi og gagnsæi ætti reglubundin upplýsingagjöf að gefa til kynna að hve miklu leyti fjárfestingar voru gerðar í þessari atvinnustarfsemi eftir veltu, fjárfestingarútgjöldum og rekstrarútgjöldum.
- 37) Ákvæði þessarar reglugerðar tengjast náið hvert öðru þar sem þau fjalla öll um þær upplýsingar sem aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar verða að veita í tengslum við upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og krafist er samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/2088. Til að tryggja samræmi milli þessara ákvæða sem ættu að öðlast gildi á sama tíma og auðvelda aðilum á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjöfum að fá heildaryfirlit yfir skyldur sínar samkvæmt þeirri reglugerð, þykir rétt að fella alla tæknilega eftirlitsstaðla sem krafist er í 2. gr. a (3. mgr.), 4. gr. (þriðju undirgrein 6. mgr.), 4. gr. (annarri undirgrein 7. mgr.), 8. gr. (fjórðu undirgrein 3. mgr.), 8. gr. (fjórðu undirgrein 4. mgr.), 9. gr. (fjórðu undirgrein 5. mgr.), 9. gr. (fjórðu undirgrein 6. mgr.), 10. gr. (fjórðu undirgrein 2. mgr.), 11. gr. (fjórðu undirgrein 4. mgr.) og 11. gr. (fjórðu undirgrein 5. mgr.) inn í eina reglugerð.
- 38) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin („Evrópsku eftirlitsstofnanirnar“) hafa lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

⁽⁶⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2178 frá 6. júlí 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 með því að tilgreina innihald og framsetningu upplýsinga sem fyrirtæki eiga að birta skv. 19. gr. a eða 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB varðandi umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi og tilgreina aðferðafræðina við að fara að þessari birtingarskyldu (Stjtið. L 443, 10.12.2021, bls. 9).

- 39) Sameiginleg nefnd evrópsku eftirlitsstofnananna sem um getur í 54. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ⁽⁷⁾, 54. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ⁽⁸⁾ og 54. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽⁹⁾ hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint hugsanlegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir ráðgjöf hagsmunahópsins um bankastarfsemi sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, hagsmunahópsins í váttryggingum sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010 og hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.
- 40) Nauðsynlegt er að gera aðilum á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjöfum kleift að aðlagast kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari framseldu reglugerð. Því ætti að fresta gildistökudegi hennar til 1. janúar 2023. Þó er nauðsynlegt að krefjast þess að aðilar á fjármálamarkaði, sem hafa tekið tillit til helstu neikvæðu áhrifa af ákvörðunum um fjárfestingar á sjálfbærniþætti, eins og um getur í a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088, eða eins og krafist er í 3. eða 4. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar birti í fyrsta sinn upplýsingar um þessi áhrif á vefsetrum sínum í sérstökum hlutum með fyrisögninni „Yfirlýsing um helstu neikvæðu áhrif af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti“ eigi síðar en 30. júní 2023 fyrir tímabilið 1. janúar 2022 til 31. desember 2022, eigi síðar en 31. desember 2022.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

SKILGREININGAR OG ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „fyrirtæki á fjármálamarkaði“: rekstraraðili sérhæfðs sjóðs eins og skilgreint er í b-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB ⁽¹⁰⁾, rekstrarfélag eins og skilgreint er í b-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB ⁽¹¹⁾, fjárfestingarfélag með starfsleyfi í samræmi við 27., 28. og 29. gr. tilskipunar 2009/65/EB sem hefur ekki tilgreint rekstrarfélag með starfsleyfi í samræmi við 6., 7. og 8. gr. þeirrar tilskipunar til eigin stjórnunar, lánastofnun eins og skilgreind er í 1. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ⁽¹²⁾, verðbréfafyrirtæki eins og skilgreint er í 2. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, váttryggingafélag eins og

⁽⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

⁽⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

⁽⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

⁽¹⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtið. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).

⁽¹¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtið. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).

⁽¹²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

skilgreint er í 1. lið 13. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB⁽¹³⁾, endurtryggingafélag eins og skilgreint er í 4. lið 13. gr. tilskipunar 2009/138/EB eða hvers kyns aðili í þriðja landi sem stundar svipaða starfsemi, heyrir undir lög þriðja lands og lýtur eftirliti eftirlitsyfirvalds í þriðja landi,

- 2) „fyrirtæki sem ekki er fjármálamarkaði“: fyrirtæki sem er ekki fyrirtæki á fjármálamarkaði eins og það er skilgreint í 1. lið,
- 3) „áhættuskuldbinding gagnvart ríki“: áhættuskuldbinding gagnvart ríkjum, seðlabönkum og yfirþjóðlegum útgefendum,
- 4) „umhverfislega sjálfbær atvinnustarfsemi“: atvinnustarfsemi sem uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852,
- 5) „umbreytingaratvinnustarfsemi“: atvinnustarfsemi sem uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852,
- 6) „starfsemi sem gerir annari starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum“: atvinnustarfsemi sem uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 16. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852.

2. gr.

Almennar meginreglur um framsetningu upplýsinga

1. Aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar skulu veita upplýsingarnar sem krafist er í þessari reglugerð án endurgjalds og þannig að þær séu aðgengilegar, án mismununar, áberandi, einfaldar, gagnorðar, skiljanlegar, sanngjarnar, skýrar og ekki villandi. Aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar skulu setja upplýsingarnar sem krafist er í þessari reglugerð fram á þann hátt að þær séu auðlæsilegar, nota rittákn af læsilegri stærð og nota málfar sem auðveldar skilning á þeim. Aðilar á fjármálamarkaði geta aðlagð stærð og leturgerð stafa og lita sem notuð eru í þeim sniðmátum sem sett eru fram í I.–V. viðaukum við þessa reglugerð.
2. Aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar skulu veita upplýsingarnar sem krafist er í þessari reglugerð á leitarbæru rafrænu formi nema gerð sé krafa um annað í þeim sérlögum sem um getur í 3. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088.
3. Aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar skulu halda upplýsingum sem birtar eru á vefsetrum þeirra uppfærðum í samræmi við þessa reglugerð. Þeir skulu tilgreina með skýrum hætti birtingardag upplýsinganna og dagsetningu hvers kyns uppfærslu á þeim. Ef þessar upplýsingar eru settar fram sem skrá sem hægt er að sækja skulu aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar tilgreina útgáfusöguna í skráarheiti.
4. Aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar skulu tilgreina auðkenni lögaðila (LEI-auðkenni) og alþjóðleg auðkennisnúmer verðbréfa (ISIN-númer) ef þau eru tiltæk þegar þeir vísa til aðila eða fjármálaafurða í upplýsingunum sem veittar eru í samræmi við þessa reglugerð.

3. gr.

Tilvísunarviðmiðanir með körfuvísitölum

Ef vísitala sem er tilgreind sem tilvísunarviðmiðun er sett saman úr kórðu vísitalna skulu aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar veita upplýsingar sem varða þá vísitölu að því er varðar viðkomandi kórðu og sérhverja vísitölu í þeirri kórðu.

⁽¹³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtið. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1).

II. KAFLI

GAGNSÆI VARÐANDI NEIKVÆÐ ÁHRIF Á SJÁLFBÆRNIÞÆTTI

1. ÞÁTTUR

Aðilar á fjármálamarkaði

4. gr.

Yfirlýsing aðila á fjármálamarkaði um að þeir taki tillit til helstu neikvæðu áhrifa af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti

1. Eigi síðar en 30. júní ár hvert skulu aðilar á fjármálamarkaði, sem um getur í a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 eða 3. mgr. 4. gr. eða 4. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar, birta á vefsetri sínu í sérstökum hluta sem ber titilinn: „Yfirlýsing um helstu neikvæðu áhrif fjárfestingaákvæðana á sjálfbærniþætti“, upplýsingarnar sem um getur í a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088, 2., 3. og 4. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar og 4. til 10. gr. þessarar reglugerðar. Upplýsingarnar skulu taka til tímabilsins frá 1. janúar til 31. desember á næstliðnu ári og skulu birtar í hlutanum „Upplýsingagjöf tengd sjálfbærni“ sem um getur í 23. gr. þessarar reglugerðar.
2. Aðilar á fjármálamarkaði skulu birta yfirlýsinguna sem um getur í 1. mgr. á sniðmátinu sem sett er fram í töflu 1 í I. viðauka.
3. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr., að því er varðar aðila á fjármálamarkaði sem birta yfirlýsinguna sem um getur í a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 eða 3. mgr. 4. gr. eða 4. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar í fyrsta sinn, ná yfir tímabilið frá þeim degi þegar helstu neikvæðu áhrif fjárfestingarákvæðana á sjálfbærniþætti voru fyrst skoðuð og fram til 31. desember það ár. Þessir aðilar á fjármálamarkaði skulu birta upplýsingarnar í yfirlýsingunni, sem um getur í 1. mgr., eigi síðar en 30. júní næsta árs á eftir.

5. gr.

Liðurinn Samantekt

Í samantektarliðnum í töflu 1 í I. viðauka skulu aðilar á fjármálamarkaði hafa með allt eftirfarandi:

- a) heiti aðila á fjármálamarkaði sem yfirlýsing um neikvæð áhrif á sjálfbærni varðar,
- b) upplýsingar um að tekið sé tillit til helstu neikvæðu áhrifa á sjálfbærni,
- c) viðmiðunartímabil yfirlýsingarinnar,
- d) samantekt helstu neikvæðu áhrifa.

Samantektarliðurinn í töflu 1 í I. viðauka skal saminn á öllum eftirfarandi tungumálum:

- a) einu af opinberum tungumálum aðildarríkis sem er heimaríki viðkomandi aðila á fjármálamarkaði og, ef það er annað, á öðru tungumáli sem tíðkast í alþjóðafjármálageiranum,
- b) ef fjármálaafurð þátttakanda á fjármálamarkaði er gerð aðgengileg í gístiaðildarríki, einu af opinberum tungumálum þess gístiaðildarríkis.

Samantektarliðurinn skal vera tvær A4 síður að hámarki þegar hann er prentaður.

6. gr.

Lýsing á helstu neikvæðu áhrifum af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti

1. Í liðnum „Lýsing á helstu neikvæðu áhrifum á sjálfbærniþætti“ í töflu 1 í I. viðauka skulu aðilar á fjármálamarkaði fylla út alla reiti sem tengjast vísam sem snerta helstu neikvæðu áhrif fjárfestingarákvörðana á sjálfbærniþætti og skulu þeir bæta við öllu eftirfarandi:
 - a) upplýsingum um einn eða fleiri loftslagstengda vísa til viðbótar og aðra umhverfistengda vísa, eins og fram kemur í töflu 2 í I. viðauka,
 - b) upplýsingum um einn eða fleiri viðbótarvísa í félags- og starfsmannamálum, virðingu fyrir mannréttindum, baráttu gegn spillingu og baráttu gegn mútum, eins og sett er fram í töflu 3 í I. viðauka,
 - c) upplýsingum um aðra vísa sem notaðir eru til að greina og meta helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærni til viðbótar.
2. Í liðnum „Lýsing á helstu neikvæðu áhrifum á sjálfbærniþætti“ í töflu 1 í I. viðauka skulu aðilar á fjármálamarkaði lýsa þeim aðgerðum sem gripið var til á tímabilinu frá 1. janúar til 31. desember á næstliðnu ári og fyrirhuguðum aðgerðum eða markmiðum sem voru sett fyrir síðara tímabil frá 1. janúar til 31. desember til að komast hjá eða draga úr helstu neikvæðu áhrifunum sem greindust.
3. Í dálkunum „Áhrif“ í liðnum „Lýsing á helstu neikvæðu áhrifum á sjálfbærniþætti“ í töflu 1 í I. viðauka skulu aðilar á fjármálamarkaði setja fram tölu um áhrif sem meðaltal þann 31. mars, 30. júní, 30. september og 31. desember á hverju tímabili frá 1. janúar til 31. desember.

7. gr.

Lýsing á stefnum til að tilgreina og forgangsraða helstu neikvæðu áhrifum af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti

1. Í liðnum „Lýsing á stefnum til að tilgreina og forgangsraða helstu neikvæðu áhrifum á sjálfbærniþætti“ í töflu 1 í I. viðauka skulu aðilar á fjármálamarkaði lýsa stefnum sínum til að tilgreina og forgangsraða helstu neikvæðu áhrifum á sjálfbærniþætti og hvernig þessum stefnum er haldið uppfærðum og þeim beitt, þ.m.t. allt eftirfarandi:
 - a) daginn sem stjórn aðila á fjármálamarkaði samþykkti þessar stefnur,
 - b) hvernig ábyrgð á framkvæmd þessara stefna er skipt í skipulagsaðferðir og verklagsreglur,
 - c) aðferðafræðina við að velja vísana sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 6. gr. og til að greina og meta helstu neikvæðu áhrif sem um getur í 1. mgr. 6. gr., einkum útskýringu á því hvernig aðferðafræðin tekur tillit til þess hversu líklegt er að þau komi fram og hversu alvarleg þessi helstu neikvæðu áhrif eru, þ.m.t. hvort þau geti verið óbætanagerleg,
 - d) öll tengd skekkjumörk innan aðferðafræðinnar sem um getur í c-lið þessarar málsgreinar, með útskýringu á þeim mörkum,
 - e) gagnalindir sem eru notaðar.
2. Ef upplýsingar sem tengjast einhverjum þeirra vísa sem eru notaðir eru ekki auðveldlega aðgengilegar skulu aðilar á fjármálamarkaði tilgreina í liðnum „Lýsing á stefnum til að tilgreina og forgangsraða helstu neikvæðu áhrifum á sjálfbærniþætti“ í töflu 1 í I. viðauka, upplýsingar um ítrustu viðleitni sem sýnd hefur verið við að afla upplýsinga annaðhvort beint frá félögum sem fjárfest er í eða með því að framkvæma viðbótarrannsóknir, í samstarfi við gagnaveitendur sem eru þriðju aðilar eða utanaðkomandi sérfræðinga eða með því að draga eðlilegar ályktanir.

8. gr.

Liðurinn um þátttökustefnur

1. Í liðnum „Þátttökustefnur“ í töflu 1 í I. viðauka skulu aðilar á fjármálamarkaði veita allar eftirfarandi upplýsingar:
 - a) þar sem við á, stutta samantekt á þeim þátttökustefnum sem um getur í 3. gr. g tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36/EB ⁽¹⁴⁾,
 - b) stutta samantekt á öðrum þátttökustefnum til að draga úr helstu neikvæðum áhrifum.
2. Stuttu samantektin sem um getur í 1. mgr. skal lýsa öllu eftirfarandi:
 - a) vísun um neikvæð áhrif sem tekið er tillit til í þátttökustefnunum sem um getur í 1. mgr.,
 - b) hvernig þessar þátttökustefnur verða aðlagðar ef engin minnkun helstu neikvæðu áhrifa verður á meira en einu tímabili sem tilkynnt er um.

9. gr.

Liðurinn um tilvísanir í alþjóðlega staðla

1. Í liðnum „Tilvísanir í alþjóðlega staðla“ í töflu 1 í I. viðauka skulu aðilar á fjármálamarkaði lýsa því hvort og að hve miklu leyti þeir fylgja reglum um ábyrga viðskiptahætti fyrirtækja og alþjóðlega viðurkenndum stöðlum um áreiðanleikakannanir og skýrslugjöf og, þar sem við á, að hve miklu leyti þær eru í samræmi við markmið Parísarsamningsins.
2. Lýsingin sem um getur í 1. mgr. skal fela í sér upplýsingar um allt eftirfarandi:
 - a) vísana sem eru notaðir til að taka tillit til helstu neikvæðu áhrifa á sjálfbærniþætti sem um getur í 1. mgr. 6. gr. sem mæla þá fylgni eða samræmingu sem um getur í 1. mgr.,
 - b) aðferðafræði og gögn sem notuð eru til að mæla þá fylgni eða aðlögun sem um getur í 1. mgr., þ.m.t. lýsing á gildissviði, gagnalindum og hvernig aðferðafræðin sem er notuð spár fyrir um helstu neikvæðu áhrifin á félög sem fjárfest er í,
 - c) hvort notast er við framsýna loftslagssviðsmynd og, ef svo er, heiti og veitanda þeirrar sviðsmyndar og hvenær hún var hönnuð,
 - d) ef ekki er notast við framsýna loftslagssviðsmynd, útskýringu á því hvers vegna aðili á fjármálamarkaði telur framsýnar loftslagssviðsmyndir ekki skipta máli.

10. gr.

Sögulegur samanburður

Aðilar á fjármálamarkaði sem hafa lýst neikvæðum áhrifum á sjálfbærniþætti á tímabili sem kemur á undan tímabilinu sem birta skal upplýsingar um í samræmi við 6. gr. skulu í liðnum „Lýsing á helstu neikvæðu áhrifum á sjálfbærniþætti“ í töflu 1 í I. viðauka setja fram sögulegan samanburð á skýrslutímabilinu við fyrra skýrslutímabil og síðan við hvert skýrslutímabil fyrir allt að síðustu fimm tímabil.

⁽¹⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36/EB frá 11. júlí 2007 um nýtingu tiltekinna réttinda hluthafa í skráðum félögum (Stjtið. ESB L 184, 14.7.2007, bls. 17).

*2. ÞÁTTUR****Fjármálaráðgjafar****11. gr.***Yfirlýsing fjármálaráðgjafa um að þeir taki tillit til helstu neikvæðu áhrifa á sjálfbærniþætti við váttrygginga- eða fjárfestingaráðgjöf**

1. Fjármálaráðgjafarnir, sem um getur í a- og b-lið 11. liðar 2. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088, sem beita a-lið 5. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar, skulu birta þær upplýsingar, sem um getur í a-lið 5. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar, í sérstökum hluta á vefsetri sínu með yfirskriftinni „Yfirlýsing um helstu neikvæðu áhrif sem váttryggingaráðgjöf hefur á sjálfbærniþætti“.
2. Þeir fjármálaráðgjafar, sem um getur í c- til f-liðum 11. liðar 2. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 og beita a-lið 5. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar, skulu birta þær upplýsingar, sem um getur í a-lið 5. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar, í sérstökum hluta á vefsetri sínu með yfirskriftinni „Yfirlýsing um helstu neikvæðu áhrif sem fjárfestingaráðgjöf hefur á sjálfbærniþætti“.
3. Sú yfirlýsing og upplýsingar sem um getur í 1. og 2. mgr. skulu hafa að geyma upplýsingar um ferlið sem fjármálaráðgjafar nota við val á þeim fjármálaafurðum sem þeir ráðleggja, þ.m.t. allt eftirfarandi:
 - a) hvernig fjármálaráðgjafar nota þær upplýsingar sem aðilar á fjármálamarkaði birta samkvæmt þessari reglugerð,
 - b) hvort fjármálaráðgjafar forgangsraði og velji fjármálaafurðir á grundvelli þeirra vísa sem skráðir eru í töflu 1 í I. viðauka og hvers kyns viðbótarvísa og, eftir atvikum, lýsingu á aðferðum sem eru notaðar við forgangsroðun og val,
 - c) hvers kyns viðmiðanir eða viðmiðunarmörk sem byggjast á helstu neikvæðu áhrifum, sem tilgreind eru í töflu 1 í I. viðauka, sem eru notuð til að velja eða veita ráðgjöf um fjármálaafurðir.

*3. ÞÁTTUR****Yfirlýsing aðila á fjármálamarkaði um að þeir taki ekki tillit til neikvæðra áhrifa af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti og yfirlýsing fjármálaráðgjafa um að þeir taki ekki til tillit til neikvæðra áhrifa af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti í fjárfestingum sínum eða váttryggingaráðgjöf****12. gr.***Yfirlýsing aðila á fjármálamarkaði um að þeir taki ekki tillit til neikvæðra áhrifa af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti**

1. Aðilar á fjármálamarkaði, sem um getur í b-lið 1. liðar 4. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 skulu birta þær upplýsingar, sem um getur í b-lið 1. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar, í sérstökum hluta á vefsetri sínu með yfirskriftinni „Ekkert tillit til neikvæðra áhrifa af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti“.
2. Yfirlýsingin sem um getur í 1. mgr. skal fela í sér allt eftirfarandi:
 - a) áberandi yfirlýsingu um að aðili á fjármálamarkaði taki ekki tillit til neinna neikvæðra áhrifa af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti,
 - b) ástæður þess að aðili á fjármálamarkaði tekur ekki tillit til neinna neikvæðra áhrifa af fjárfestingarákvörðunum sínum á sjálfbærniþætti og, ef við á, upplýsingar um hvort aðili á fjármálamarkaði hyggist taka tillit til slíkra neikvæðra áhrifa með tilvísun til þeirra vísa sem skráðir eru í töflu 1 í I. viðauka og hvenær, ef svo er.

*13. gr.***Yfirlýsing fjármálaráðgjafa um að þeir taki ekki tillit til neikvæðra áhrifa af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti í fjárfestingum sínum eða váttryggingaráðgjöf**

1. Fjármálaráðgjafarnir, sem um getur í a- og b-lið 11. liðar 2. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088, sem beita b-lið 5. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar, skulu birta þær upplýsingar, sem um getur í b-lið 5. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar, í sérstökum hluta á vefsetri sínu með yfyrskriftinni „Ekkert tillit til neikvæðra áhrifa sem váttryggingaráðgjöf hefur á sjálfbærniþætti“.
2. Þeir fjármálaráðgjafar, sem um getur í c- til f-liðum 11. liðar 2. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 og beita b-lið 5. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar, skulu birta þær upplýsingar, sem um getur í b-lið 5. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar, í sérstökum hluta á vefsetri sínu með yfyrskriftinni „Ekkert tillit til neikvæðra áhrifa sem fjárfestingaráðgjöf hefur á sjálfbærniþætti“.
3. Yfirlýsingin og upplýsingarnar sem um getur í 1. og 2. mgr. skulu hafa að geyma allt eftirfarandi:
 - a) áberandi yfirlýsingu um að fjármálaráðgjafi taki ekki tillit til neinna neikvæðra áhrifa af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti í fjárfestingar- eða váttryggingaráðgjöf sinni,
 - b) ástæður þess að fjármálaráðgjafi tekur ekki tillit til neinna neikvæðra áhrifa af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti í fjárfestingum sínum eða váttryggingaráðgjöf og, ef við á, upplýsingar um hvort fjármálaráðgjafinn hyggist taka tillit til slíkra neikvæðra áhrifa með tilvísun til þeirra vísa sem skráðir eru í töflu 1 í I. viðauka og hvenær, ef svo er.

III. KAFLI

UPPLÝSINGAGJÖF ÁÐUR EN SAMNINGUR ER GERÐUR*1. ÞÁTTUR****Efning umhverfislegra eða félagslegra þátta****14. gr.***Framsetning aðila á fjármálamarkaði á þeim upplýsingum sem birta skal áður en samningur er gerður skv. 1., 2. og 2. mgr. a 8. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088**

1. Aðilar á fjármálamarkaði skulu setja fram þær upplýsingar sem birta á skv. 1., 2. og 2. mgr. a í 8. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 á sniðmáttinu sem sett er fram í II. viðauka við þessa reglugerð. Þær upplýsingar skulu fylgja sem viðauki við skjölín eða upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088.
2. Í meginmáli skjala eða upplýsinga sem um getur í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 skulu aðilar á fjármálamarkaði láta fylgja áberandi yfirlýsingu um að upplýsingar um umhverfislega eða félagslega þætti séu aðgengilegar í viðauka við þau skjöl eða upplýsingar.
3. Aðilar á fjármálamarkaði skulu láta í té í upphafi viðauka við þau skjöl eða upplýsingar sem um getur í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 allar eftirfarandi upplýsingar:
 - a) hvort fjármálaafurðin hyggist ráðast í sjálfbærar fjárfestingar,
 - b) hvort fjármálaafurðin eflir umhverfislega eða félagslega þætti án þess að hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði.

15. gr.

Upplýsingar um sjálfbærar fjárfestingar í liðnum um eignaskiptingu fyrir fjármálaafurðir sem efla umhverfislega þætti

1. Að því er varðar þær fjármálaafurðir sem um getur í fyrstu undirgrein 6. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 skulu aðilar á fjármálamarkaði leggja fram allt eftirfarandi í hlutanum „Hvert er lágmark sjálfbærra fjárfestinga með umhverfismarkmið sem falla að flokkunarkerfi ESB?“ í sniðmátinu sem sett er fram í II. viðauka:

- a) myndræn framsetning í formi skýfurs yfir:
 - i. það að hve miklu leyti samanlagðar fjárfestingar eru fjárfestingar í umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi, eins og reiknað er út í samræmi við 1. til 4. mgr. 17. gr. þessarar reglugerðar,
 - ii. það að hve miklu leyti fjárfestingar, að undanskildum áhættuskuldbindingum gagnvart ríki, teljast vera fjárfestingar í umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi, eins og reiknað er út í samræmi við 5. mgr. 17. gr. þessarar reglugerðar,
- b) lýsingu á fjárfestingum sem liggja til grundvallar fjármálaafurðum sem eru í umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi, þ.m.t. hvort hlítni þessara fjárfestinga við þær kröfur sem mælt er fyrir um í 3. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 muni falla undir staðfestingu eins eða fleiri endurskoðenda eða endurskoðun af hálfu eins eða fleiri þriðju aðila og, ef svo er, nafn eða nöfn endurskoðanda eða þriðja aðila,
- c) ef fjármálaafurðirnar fjárfesta í annarri atvinnustarfsemi en umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi, greinargóða útskýringu á ástæðum þess,
- d) ef fjármálaafurðirnar eru með áhættuskuldbindingar gagnvart ríki og aðili á fjármálamarkaði getur ekki metið að hve miklu leyti þær stuðla að umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi, textaskýringu á hlutfalli fjárfestinga sem samanstanda af þeim áhættuskuldbindingum af heildarfjárfestingum.

2. Að því er varðar a-lið 1. mgr. skulu aðilar á fjármálamarkaði nota:

- a) sama lykilárangursmælikvarða fyrir samanlagðar fjárfestingar í fyrirtækjum sem eru ekki á fjármálamarkaði,
- b) sama lykilárangursmælikvarða fyrir samanlagðar fjárfestingar í sömu tegund fjármálafyrirtækja.

Að því er varðar váttrygginga- og endurtryggingafélög sem leggja stund á skaðatryggingastarfsemi getur lykilárangursmælikvarði verið blanda af lykilárangursmælikvörðum fjárfestingar og sölutrygginga í samræmi við 6. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2178.

3. Að því er varðar ákvæði b-liðar 1. mgr. skal lýsingin fela í sér allt eftirfarandi:

- a) að því er varðar félög sem fjárfest er í og eru ekki á fjármálamarkaði, hvort mælingar á að hve miklu leyti fjárfestingar eru í umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi séu gerðar með veltu eða hvort aðili á fjármálamarkaði, vegna einkenna fjármálaafurðarinnar, hafi ákveðið að dæmigerðari útreikningur fáiast þegar viðkomandi stig er mælt með fjárfestingar-útgjöldum eða rekstrarkostnaði og ástæðuna fyrir þeirri ákvörðun, þ.m.t. skýringu á því hvers vegna sú ákvörðun sé viðeigandi fyrir fjárfesta í fjármálaafurðinni,
- b) ef upplýsingar um að hve miklu leyti fjárfestingar séu í umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi eru ekki auðveldlega aðgengilegar í opinberum gögnum sem félög sem fjárfest er í birta, upplýsingar um það hvort aðili á fjármálamarkaði hafi fengið samsvarandi upplýsingar beint frá félögum sem fjárfest er í eða frá veitendum sem eru þriðju aðilar,
- c) sundurliðun á lágmarkshlutfalli fjárfestinga í umbreytingaratvinnustarfsemi og starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum, í hverju tilviki fyrir sig, gefið upp sem hundraðshluti af öllum fjárfestingum í fjármálaafurðinni.

16. gr.

Upplýsingar um sjálfbærar fjárfestingar í liðnum um eignaskiptingu fyrir fjármálaafurðir sem efla félagslega þætti

Að því er varðar fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti og fela í sér skuldbindingu um sjálfbærar fjárfestingar með félagslegt markmið, skulu aðilar á fjármálamarkaði hafa með í liðnum „Hvaða eignaskipting er fyrirhuguð fyrir þessa fjármálaafurð?“ í sniðmátinu, sem sett er fram í II. viðauka, lágmarkshlutdeild í þessum sjálfbæru fjárfestingum.

17. gr.

Útreikningur á því að hve miklu leyti fjárfestingar eru í umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi

1. Reikna skal út að hve miklu leyti fjárfestingar eru í umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$\frac{\text{market value of all investments of the financial product in environmentally sustainable economic activities}}{\text{market value of all investments of the financial product}}$$

þar sem „fjárfestingar í fjármálaafurð í umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi“ skulu vera summa markaðsvirðis eftirfarandi fjárfestinga í fjármálaafurðinni:

- a) að því er varðar skuldabréf og hlutabréf í félögum sem fjárfest er í, ef hluti af starfsemi þessara félaga sem fjárfest er í tengist umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi, markaðsvirðis þessa hluta af skuldabréfum eða hlutabréfum,
- b) að því er varðar önnur skuldabréf en þau sem um getur í a-lið, þar sem gerð er krafa um að hluti ágóðans samkvæmt skilmálum þessara skuldabréfa sé eingöngu notaður í þágu umhverfislega sjálfbærrar atvinnustarfsemi, markaðsvirðis þess hluta,
- c) markaðsvirðis skuldabréfa, að því er varðar skuldabréf sem gefin eru út samkvæmt löggjöf Sambandsins um umhverfislega sjálfbær skuldabréf,
- d) markaðsvirðis fjárfestinga í fasteignaviðskiptum sem teljast umhverfislega sjálfbær atvinnustarfsemi,
- e) markaðsvirðis fjárfestinga í innviðaeignum sem teljast umhverfislega sjálfbær atvinnustarfsemi,
- f) að því er varðar fjárfestingar í verðbréfuðum stöðum eins og þær eru skilgreindar í 19. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 ⁽¹⁵⁾, með undirliggjandi áhættuskuldbindingar í umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi, markaðsvirðis hlutfalls þessara áhættuskuldbindinga,
- g) að því er varðar fjárfestingar í fjármálaafurðum, eins og um getur í fyrstu málsgrein 5. gr. og fyrstu málsgrein 6. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, markaðsvirðis þess hluta þessara fjármálaafurða sem stendur fyrir það hversu miklar fjárfestingar eru í umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi, eins og það er reiknað út í samræmi við þessa grein.

Reikna skal út að hve miklu leyti fjárfestingar eru í umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi með því að beita aðferðafræðinni sem notuð er til að reikna út hreinar skortstöður sem mælt er fyrir um í 4. og 5. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 ⁽¹⁶⁾.

⁽¹⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 frá 12. desember 2017 um almennan ramma fyrir verðbréfun og gerð sértæks ramma fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun, og um breytingu á tilskipunum 2009/65/EB, 2009/138/EB og 2011/61/ESB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 347, 28.12.2017, bls. 35).

⁽¹⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 frá 14. mars 2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga (Stjtið. ESB L 86, 24.3.2012, bls. 1).

2. Að því er varðar a-lið 1. mgr. skal hlutfall af starfsemi félaga sem fjárfest er í, sem tengjast umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi, reiknað á grundvelli þess lykilárangursmælikvarða sem er heppilegastur fyrir fjárfestingar í fjármálaafurð með því að nota eftirfarandi upplýsingar:

- a) fyrir félög sem fjárfest er í sem um getur í 1. og 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, upplýsingar sem félögin sem fjárfest er í veita í samræmi við þá grein,
- b) að því er varðar önnur félög sem fjárfest er í, sambærilegar upplýsingar sem aðili á fjármálamarkaði fær beint frá félögum sem fjárfest er í eða frá veitendum sem eru þriðju aðilar.

3. Að því er varðar þær upplýsingar, sem um getur í a-lið 1. mgr. 15. gr. og a-lið 1. mgr. 19. gr., þegar um er að ræða félög sem fjárfest er í og eru ekki fyrirtæki á fjármálamarkaði sem er skylt að veita ófjárhagslegar upplýsingar samkvæmt framseldri reglugerð (ESB) 2021/2178, og önnur fyrirtæki sem eru ekki á fjármálamarkaði sem eru ekki bundin þeirri skyldu, skal í útreikningunum, sem um getur í 2. mgr., nota veltu sem sömu tegund lykilárangursmælikvarða fyrir öll fyrirtæki sem eru ekki á fjármálamarkaði.

4. Þrátt fyrir 3. mgr. er heimilt, þegar fjárfestingarútgjöld eða rekstrarkostnaður veitir dæmigerðari útreikning á því að hve miklu leyti fjárfesting telst vera umhverfislega sjálfbær atvinnustarfsemi, vegna einkenna fjármálaafurðarinnar, að nota þá tvo lykilárangursmælikvarða sem eru heppilegastir í útreikningi. Ef um er að ræða félög sem fjárfest er í sem eru fyrirtæki á fjármálamarkaði sem falla undir 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 og önnur fjármálafyrirtæki sem ekki falla undir þá skuldbindingu skal sá útreikningur sem um getur í 2. mgr. nota þá lykilárangursmælikvarða sem um getur í b- til e-lið í lið 1.1 í III. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2021/2178.

5. Að því er varðar upplýsingar sem um getur í 15. gr. (ii. lið a-liðar 1. mgr.), 19. gr. (ii. lið a-liðar 1. mgr.), 55. gr. (iii. lið b-liðar 1. mgr.) og 62. gr. (iii. lið b-liðar 1. mgr.) skulu 1. til 4. mgr. þessarar greinar gilda, fyrir utan að áhættuskuldbindingar gagnvart ríki skulu undanskildar frá útreikningi á teljara og nefnara formúlunnar sem er að finna í 1. mgr.

2. ÞÁTTUR

Sjálfbærar fjárfestingar sem markmið

18. gr.

Framsetning aðila á fjármálamarkaði á þeim upplýsingum um fjármálaafurðir sem birta skal áður en samningur er gerður skv. 1. til 4. mgr. a 9. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088

1. Aðilar á fjármálamarkaði skulu setja fram upplýsingarnar sem á að birta skv. 1. mgr. til 4. mgr. a í 9. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 og þessum lið í viðauka við skjalið eða upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088. Þeir skulu setja upplýsingarnar fram á því sniði sem sett er fram í III. viðauka við þessa reglugerð.

2. Í meginmáli þess skjals eða upplýsinga sem um getur í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 skulu aðilar á fjármálamarkaði hafa áberandi yfirlýsingu um að upplýsingar um sjálfbæra fjárfestingu séu aðgengilegar í viðauka.

3. Aðilar á fjármálamarkaði skulu í upphafi viðauka við þau skjöl eða upplýsingar sem um getur í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 hafa yfirlýsingu um að fjármálaafurð hafi sjálfbæra fjárfestingu að markmiði.

*19. gr.***Upplýsingar um sjálfbærar fjárfestingar fyrir fjármálaafurðir með sjálfbæra fjárfestingu að markmiði**

1. Að því er varðar fjármálaafurðirnar sem um getur í fyrstu málsgrein 5. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 skulu aðilar á fjármálamarkaði hafa allar eftirfarandi upplýsingar með í liðnum „Hver er eignaskipting og lágmarkshlutdeild sjálfbærra fjárfestinga?“ í sniðmátinu sem sett er fram í III. viðauka:
 - a) myndræna framsetningu í formi skífurits:
 - i. í samræmi við i. lið a-liðar 1. mgr. 15. gr. þessarar reglugerðar,
 - ii. í samræmi við ii. lið a-liðar 1. mgr. 15. gr. þessarar reglugerðar,
 - b) lýsingu í samræmi við b-lið 1. mgr. 15. gr. þessarar reglugerðar,
 - c) ef fjármálaafurðirnar fjárfesta í atvinnustarfsemi sem stuðlar að umhverfismarkmiði og hún er ekki umhverfissjálfbær atvinnustarfsemi, greinargóða útskýringu á ástæðum þess,
 - d) ef fjármálaafurðirnar eru með áhættuskuldbindingar gagnvart ríki og aðili á fjármálamarkaði getur ekki metið að hve miklu leyti þær stuðla að umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi, textaskýringu á hlutfalli fjárfestinga sem samanstanda af þeim áhættuskuldbindingum af heildarfjárfestingum.
2. Að því er varðar a-lið 1. mgr. skulu aðilar á fjármálamarkaði beita 2. mgr. 15. gr.
3. Að því er varðar b-lið 1. mgr. skulu aðilar á fjármálamarkaði beita 3. mgr. 15. gr.
4. Að því er varðar fjármálaafurðir sem fjárfesta í atvinnustarfsemi sem stuðlar að félagslegu markmiði skulu aðilar á fjármálamarkaði hafa lágmarkshlutdeild í fjárfestingunum með í liðnum „Hver er eignaskipting og lágmarkshlutdeild sjálfbærra fjárfestinga?“ í sniðmátinu sem sett er fram í III. viðauka.

*3. ÞÁTTUR****Fjármálaafurðir með fjárfestingarkosti****20. gr.***Fjármálaafurðir með einn eða fleiri undirliggjandi fjárfestingarkosti sem valda því að þær teljast fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti**

1. Þrátt fyrir ákvæði 14. til 17. gr. skulu aðilar á fjármálamarkaði, þegar fjármálaafurð býður fjárfestum fjárfestingarkosti og einn eða fleiri þessara fjárfestingarkosta uppfylla skilyrði þess að fjármálaafurð sé fjármálaafurð sem eflir umhverfislega eða félagslega þætti, setja fram í meginmáli skjalsins eða upplýsinganna, sem um getur í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088, áberandi yfirlýsingu sem staðfestir öll eftirfarandi atriði:
 - a) að fjármálaafurðin eflir umhverfislega eða félagslega þætti,
 - b) að þessir umhverfislegu eða félagslegu þættir séu aðeins uppfylltir þegar fjármálaafurðin fjárfestir í a.m.k. einum þeirra fjárfestingarkosta sem eru tilgreindir í skránni sem um getur í a-lið 2. mgr. þessarar greinar og að a.m.k. einum þessara kosta sé haldið á eignartímabili fjármálaafurðar,
 - c) að frekari upplýsingar um þessa þætti séu tiltækar í þeim viðaukum sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar eða, ef við á, með þeim tilvísunum sem um getur í 5. mgr. þessarar greinar.

2. Þeirri áberandi yfirlýsingu sem um getur í 1. mgr. skal fylgja allt eftirfarandi:
 - a) skrá yfir þá fjárfestingarkosti sem um getur í 3. mgr. og settir eru fram í samræmi við flokka fjárfestingarkosta sem um getur í a-, b- og c-lið þeirrar málsgreinar,
 - b) hlutfall fjárfestingarkosta innan hvers flokks sem um getur í a-, b- og c-lið 3. mgr., miðað við heildarfjölda fjárfestingarkosta sem fjármálaafurðin býður.
3. Aðilar á fjármálamarkaði skulu veita allar eftirfarandi upplýsingar í viðaukum við skjalið eða upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2019/2088 vegna eftirfarandi flokka fjárfestingakosta:
 - a) að því er varðar sérhvern fjárfestingarkost sem telst fjármálaafurð sem eflir umhverfislega eða félagslega þætti, þær upplýsingar sem um getur í 14. til 17. gr. þessarar reglugerðar,
 - b) að því er varðar sérhvern fjárfestingarkost sem telst vera fjármálaafurð með sjálfbæra fjárfestingu að markmiði, upplýsingarnar sem um getur í 18. og 19. gr. þessarar reglugerðar,
 - c) að því er varðar sérhvern fjárfestingarkost sem hefur sjálfbæra fjárfestingu að markmiði en er ekki fjármálaafurð, upplýsingar um markmið um sjálfbæra fjárfestingu.
4. Aðilar á fjármálamarkaði skulu leggja upplýsingarnar sem um getur í a-lið 3. mgr. fram í sniðmátinu sem sett er fram í II. viðauka og upplýsingarnar sem um getur í b-lið 3. mgr. í sniðmátinu sem sett er fram í III. viðauka.
5. Ef fjármálaafurð býður fjárfesti ýmsa fjárfestingarkosti þannig að ekki sé hægt að veita upplýsingar um þessa fjárfestingarkosti í viðaukum við skjalið eða upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 á skýran og hnitmiðaðan hátt vegna fjölda viðauka sem krafist er, geta aðilar á fjármálamarkaði veitt þær upplýsingar sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar með því að hafa í meginmáli skjalsins eða upplýsinganna sem um getur í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 tilvísanir í viðaukana við þær upplýsingar sem krafist er í þeim tilskipunum, reglugerðum og landsbundnum ákvæðum sem um getur í málsgreininni þar sem þær upplýsingar er að finna, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr.

21. gr.

Fjármálaafurðir með undirliggjandi fjárfestingarkosti sem allir hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði

1. Ef fjármálaafurð býður fjárfesti fjárfestingarkosti og fjárfestingakostirnir hafa allir sjálfbæra fjárfestingu að markmiði skulu aðilar á fjármálamarkaði staðfesta með áberandi yfirlýsingu í meginmáli skjalsins eða upplýsinganna sem um getur í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 að fjármálaafurðin hafi sjálfbæra fjárfestingu að markmiði og að upplýsingarnar sem tengjast markmiðinu séu aðgengilegar í viðaukum við skjalið eða upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 eða, þar sem við á, með þeim tilvísunum sem um getur í 5. mgr. þessarar greinar, þrátt fyrir 18. og 19. gr.
2. Þeirri áberandi yfirlýsingu sem um getur í 1. mgr. skal fylgja allt eftirfarandi:
 - a) skrá yfir þá fjárfestingarkosti sem um getur í 3. mgr. og settir eru fram í samræmi við þá flokka fjárfestingarkosta sem um getur í a- og b-lið þeirrar málsgreinar,
 - b) hlutfall hvers flokks fjárfestingakosta sem um getur í a- og b-lið 3. mgr. innan sérhvers flokks af heildarfjölda fjárfestingarkosta sem fjármálaafurðin býður.
3. Aðilar á fjármálamarkaði skulu veita allar eftirfarandi upplýsingar í viðaukum við skjalið eða upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2019/2088 vegna eftirfarandi flokka fjárfestingakosta:

- a) að því er varðar sérhvern fjárfestingarkost sem telst vera fjármálaafurð með sjálfbæra fjárfestingu að markmiði, upplýsingarnar sem um getur í 18. og 19. gr. þessarar reglugerðar,
- b) að því er varðar sérhvern fjárfestingarkost sem hefur sjálfbæra fjárfestingu að markmiði en er ekki fjármálaafurð, upplýsingar um markmið um sjálfbæra fjárfestingu.

4. Aðilar á fjármálamarkaði skulu leggja fram þær upplýsingar sem um getur í a-lið 3. mgr. í samræmi við sniðmátið sem sett er fram í III. viðauka.

5. Ef fjármálaafurð býður fjárfesti ýmsa fjárfestingarkosti þannig að ekki sé hægt að veita upplýsingar sem tengjast þessum fjárfestingarkostum í viðaukum við skjalið eða upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 á skýran og hnitmiðaðan hátt vegna fjölda viðauka sem krafist er, geta aðilar á fjármálamarkaði, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr., veitt þær upplýsingar sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar með því að hafa með í meginmáli skjalsins eða upplýsinganna sem um getur í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 tilvísanir í viðauka við viðkomandi upplýsingagjöf sem krafist er í tilskipunum, reglugerðum og landsbundnum ákvæðum sem um getur í málsgreininni þar sem þær upplýsingar er að finna.

22. gr.

Upplýsingar um undirliggjandi fjárfestingarkosti sem hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði og eru ekki fjármálaafurðir

Upplýsingar um markmið þeirra sjálfbæru fjárfestinga sem um getur í c-lið 3. mgr. 20. gr. og b-lið 3. mgr. 21. gr. skulu hafa að geyma allt eftirfarandi:

- a) lýsingu á markmiðinu um sjálfbæra fjárfestingu,
- b) skrá yfir vísa sem notaðir eru til að mæla hvernig miðar að ná þessu markmiði um sjálfbæra fjárfestingu,
- c) lýsingu á því hvernig fjárfestingarnar skaða ekki verulega nein af markmiðunum um sjálfbæra fjárfestingu, þ.m.t. öllu eftirfarandi:
 - i. með hvaða hætti tekið er tillit til vísa í töflu 1 í I. viðauka um neikvæð áhrif og allra viðeigandi vísa í töflu 2 og 3 í þeim viðauka,
 - ii. hvort sjálfbæra fjárfestingin sé í samræmi við viðmiðunarreglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki og leiðbeinandi meginreglur Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi, þ.m.t. meginreglur og réttindi sem sett eru fram í átta grundvallarsamþykktum sem eru skilgreindar í yfirlýsingu Alþjóðavinnuárástofnunarinnar um grundvallarviðmið og réttindi við vinnu og alþjóðaréttarskrána.

IV. KAFLI

UPPLÝSINGAGJÖF UM AFURÐ Á VEFSETRI

23. gr.

Vefseturshluti fyrir upplýsingagjöf um sjálfbærnitengdar fjármálaafurðir

Aðilar á fjármálamarkaði skulu birta upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 í sérstökum kafla með yfirskriftinni „Upplýsingagjöf tengd sjálfbærni“ í sama hluta vefseturs síns og aðrar upplýsingar sem tengjast fjármálaafurðinni, þ.m.t. markaðsefni, fyrir sérhverja fjármálaafurð. Aðilar á fjármálamarkaði skulu auðkenna með skýrum hætti fjármálaafurðina, sem upplýsingarnar í kaflanum um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni fjalla um, og sýna á áberandi hátt umhverfislega eða félagslega þætti eða markmið um sjálfbæra fjárfestingu fjármálaafurðarinnar.

*1. ÞÁTTUR****Upplýsingagjöf um afurðir á vefsetri fyrir fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti****24. gr.***Hlutar upplýsingagjafar um afurðir á vefsetri fyrir fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti**

Að því er varðar fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti skulu aðilar á fjármálamarkaði birta upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 og 25. til 36. gr. þessarar reglugerðar í eftirfarandi röð og sem samanstanda af öllum eftirfarandi hlutum með yfirskriftina:

- a) „Samantekt“,
- b) „Engin markmið um sjálfbæra fjárfestingu“,
- c) „Umhverfislegir eða félagslegir þættir fjármálaafurðar“,
- d) „Fjárfestingaráætlun“,
- e) „Hlutfall fjárfestinga“,
- f) „Vöktun umhverfislega eða félagslega þátta“,
- g) „Aðferðafræði“,
- h) „Gagnalindir og vinnsla“,
- i) „Takmarkanir á aðferðafræði og gögnum“,
- j) „Áreiðanleikakönnun“,
- k) „Þátttökustefnur“,
- l) ef vísitala er tilgreind sem tilvísunarviðmiðun til að ná fram þeim umhverfislegu eða félagslegu þáttum sem fjármálaafurðin eflir, „Tilgreind tilvísunarviðmiðun“.

*25. gr.***Vefseturshlutinn „Samantekt“ fyrir fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti**

1. Í vefseturshlutanum „Samantekt“, sem um getur í a-lið 24. gr., skulu aðilar á fjármálamarkaði taka saman allar upplýsingar úr þeim mismunandi liðum sem um getur í þeirri grein um fjármálaafurðirnar sem efla umhverfislega eða félagslega þætti. Samantektarhlutinn skal vera tvær A4 síður að hámarki þegar hann er prentaður.
2. Vefseturshlutinn „Samantekt“, sem um getur í a-lið 24. gr., skal lagður fram á a.m.k. eftirfarandi tungumálum:
 - a) einu af opinberum tungumálum heimaaðildarríkisins og, sé það annað og fjármálaafurðin gerð aðgengileg í fleiri en einu aðildarríki, á öðru tungumáli sem tíðkast í alþjóðafjármálageiranum,
 - b) ef fjármálaafurð er gerð aðgengileg í gístiaðildarríki, einu af opinberum tungumálum þess gístiaðildarríkis.

26. gr.

Vefseturshlutinn „Engin markmið um sjálfbæra fjárfestingu“ fyrir fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti

1. Í vefseturshlutanum „Engin markmið um sjálfbæra fjárfestingu“ sem um getur í b-lið 24. gr. skulu aðilar á fjármálamarkaði setja inn eftirfarandi yfirlýsingu: „Þessi fjármálaafurð eflir umhverfislega eða félagslega þætti en hefur sjálfbæra fjárfestingu ekki að markmiði.“
2. Ef fjármálaafurðin skuldbindur sig til að fjárfesta í einni eða fleiri sjálfbærum fjárfestingum skulu aðilar á fjármálamarkaði í hlutanum „Engin markmið um sjálfbæra fjárfestingu“, sem um getur í b-lið 24. gr., útskýra hvernig sjálfbæra fjárfestingin skaðar ekki verulega nein markmiðanna um sjálfbæra fjárfestingu, þ.m.t. allt eftirfarandi:
 - a) með hvaða hætti tekið er tillit til vísa í töflu 1 í I. viðauka um neikvæð áhrif og allra viðeigandi vísa í töflu 2 og 3 í þeim I. viðauka,
 - b) hvort sjálfbæra fjárfestingin sé í samræmi við viðmiðunarreglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki og leiðbeinandi meginreglur Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi, þ.m.t. meginreglur og réttindi sem sett eru fram í átta grundvallarsamþykktum sem eru skilgreindar í yfirlýsingu Alþjóðavinnnumálastofnunarinnar um grundvallarviðmið og réttindi við vinnu og alþjóðaréttarskrána.

27. gr.

Vefseturshlutinn „Umhverfislegir eða félagslegir þættir fjármálaafurðar“ fyrir fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti

Í vefseturshlutanum „Umhverfislegir eða félagslegir þættir fjármálaafurðar“, sem um getur í c-lið 24. gr., skulu aðilar á fjármálamarkaði lýsa þeim umhverfislega eða félagslegu þáttum sem fjármálaafurðirnar efla.

28. gr.

Vefseturshlutinn „Fjárfestingaráætlun“ fyrir fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti

Í vefseturshlutanum „Fjárfestingaráætlun“, sem um getur í d-lið 24. gr., skulu aðilar á fjármálamarkaði lýsa öllu eftirfarandi:

- a) fjárfestingaráætluninni sem notuð er til að uppfylla þá umhverfislegu eða félagslegu þætti sem fjármálaafurðin eflir,
- b) stefnu til að meta góða stjórnarhætti félagsins sem fjárfest er í, þ.m.t. að því er varðar traust stjórnunarfyrikomulag, samskipti við starfsmenn, launakjör starfsfólks og að skattareglum sé fylgt.

29. gr.

Vefseturshlutinn „Hlutfall fjárfestinga“ fyrir fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti

Í vefseturshlutanum „Hlutfall fjárfestinga“, sem um getur í e-lið 24. gr., skulu aðilar á fjármálamarkaði setja inn upplýsingarnar sem um getur í 14. gr. og greina á milli beinna áhættuskuldbindinga í einingum sem fjárfest er í og allra annarra tegunda áhættuskuldbindinga gagnvart þessum aðilum.

30. gr.

Vefseturshlutinn „Vöktun umhverfislegra eða félagslegra þátta“ fyrir fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti

Í vefseturshlutanum „Vöktun umhverfislegra eða félagslegra þátta“ sem um getur í f-lið 24. gr. skulu aðilar á fjármálamarkaði lýsa því hvernig þeir umhverfislegu eða félagslegu þættir sem fjármálaafurðin eflir og þeir sjálfbærnisvísar sem notaðir eru til að mæla hvernig miðar að ná sérhverjum umhverfislegum eða félagslegum þætti sem fjármálaafurðin eflir eru vaktaðir allan líftíma fjármálaafurðar og tengdum innri eða ytri eftirlitskerfum.

31. gr.

Vefseturshlutinn „Aðferðafræði fyrir umhverfislega og félagslega þætti“ fyrir fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti

Í vefseturshlutanum „Aðferðafræði fyrir umhverfislega eða félagslega þætti“ sem um getur í g-lið 24. gr. skulu aðilar á fjármálamarkaði lýsa aðferðafræðinni við að mæla hvernig þeir félagslegu eða umhverfislegu þættir sem fjármálaafurðin eflir eru uppfylltir.

32. gr.

Vefseturshlutinn „Gagnalindir og vinnsla“ fyrir fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti

Í vefseturshlutanum „Gagnalindir og vinnsla“, sem um getur í h-lið 24. gr., skulu aðilar á fjármálamarkaði lýsa öllu eftirfarandi:

- a) gagnalindunum sem notaðar eru til að ná hverjum af þeim umhverfislegu eða félagslegu þáttum -sem fjármálaafurðin eflir,
- b) ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja gæði gagna,
- c) hvernig gögn eru unnin,
- d) hlutfalli áætlaðra gagna.

33. gr.

Vefseturshlutinn „Takmarkanir á aðferðafræði og gögnum“ fyrir fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti

Í vefseturshlutanum „Takmarkanir á aðferðafræði og gögnum“, sem um getur í i-lið 24. gr., skulu aðilar á fjármálamarkaði lýsa öllu eftirfarandi:

- a) öllum takmörkunum á þeirri aðferðafræði sem um getur í g-lið 24. gr. og gagnalindum sem um getur í h-lið 24. gr.,
- b) hvernig slíkar takmarkanir hafa ekki áhrif á hvernig þeir umhverfislegu eða félagslegu þættir sem fjármálaafurðin eflir eru uppfylltir.

34. gr.

Vefseturshlutinn „Áreiðanleikakönnun“ fyrir fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti

Í vefseturshlutanum „Áreiðanleikakönnun“, sem um getur í j-lið 24. gr., skulu aðilar á fjármálamarkaði lýsa áreiðanleikakönnun sem framkvæmd er á undirliggjandi eignum fjármálaafurðar, þ.m.t. innra og ytra eftirliti þeirrar áreiðanleikakönnunar.

35. gr.

Vefseturshluttinn „Þátttökustefnur“ fyrir fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti

Í vefseturshlutanum „Þátttökustefnur“, sem um getur í k-lið 24. gr., skulu aðilar á fjármálamarkaði lýsa þeim þátttökustefnum sem er komið til framkvæmda þar sem þátttakan er hluti af umhverfislegri eða félagslegri fjárfestingaráætlun, þ.m.t. hvers kyns stjórnarnefndarmeðferðum sem eiga við um sjálfbærnitengd deiluefni í félögum sem fjárfest er í.

36. gr.

Vefseturshluttinn „Tilgreind tilvísunarviðmiðun“ fyrir fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti

1. Í vefseturshlutanum „Tilgreind tilvísunarviðmiðun“, sem um getur í l-lið 24. gr., skulu aðilar á fjármálamarkaði lýsa því hvort vísitala hafi verið tilgreind sem tilvísunarviðmiðun til að uppfylla umhverfislega eða félagslega þætti sem fjármálaafurðin eflir og hvernig vísitalan fellur að þeim umhverfislegu eða félagslegu þáttum sem fjármálaafurðin eflir, þ.m.t. ílagsgögn, aðferðafræðina sem notuð er til að velja þessi gögn, aðferðafræði endurstillingar og hvernig vísitalan er reiknuð út.
2. Ef upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., eru birtar að hluta eða í heild á vefsetri stjórnanda tilvísunarviðmiðunar skal gefa upp tengil á þær upplýsingar.

2. ÞÁTTUR

Upplýsingagjöf á vefsetri um fjármálaafurðir sem hafa sjálfbærar fjárfestingar að markmiði

37. gr.

Upplýsingagjöf á vefsetri um fjármálaafurðir sem hafa sjálfbærar fjárfestingar að markmiði

Að því er varðar fjármálaafurðir með sjálfbærar fjárfestingar að markmiði skulu aðilar á fjármálamarkaði birta þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 og 38. til 49. gr. þessarar reglugerðar í eftirfarandi röð og sem samanstanda af öllum eftirfarandi liðum með yfirskriftinni:

- a) „Samantekt“,
- b) „Ekkert verulegt tjón á markmiði um sjálfbæra fjárfestingu“,
- c) „Markmið fjármálaafurðar um sjálfbæra fjárfestingu“,
- d) „Fjárfestingaráætlun“,
- e) „Hlutfall fjárfestinga“,
- f) „Vöktun markmiðs um sjálfbæra fjárfestingu“,
- g) „Aðferðafræði“,
- h) „Gagnalindir og vinnsla“,
- i) „Takmarkanir á aðferðafræði og gögnum“,
- j) „Áreiðanleikakönnun“,
- k) „Þátttökustefnur“,
- l) „Að ná markmiði um sjálfbæra fjárfestingu“.

38. gr.

Vefseturshlutanum „Samantekt“ fyrir fjármálaafurðir sem hafa sjálfbærar fjárfestingar að markmiði

1. Í vefseturshlutanum „Samantekt“, sem um getur í a-lið 37. gr., skulu aðilar á fjármálamarkaði taka saman allar upplýsingar úr þeim mismunandi liðum, sem um getur í þeirri grein, um fjármálaafurðir sem hafa sjálfbærar fjárfestingar að markmiði. Samantektarhlutinn skal vera tvær A4 síður að hámarki þegar hann er prentaður.
2. Vefseturshlutanum „Samantekt“, sem um getur í a-lið 37. gr., skal lagður fram á a.m.k. eftirfarandi tungumálum:
 - a) einu af opinberum tungumálum heimaðildarríkisins og, sé það annað og fjármálaafurðin gerð aðgengileg í fleiri en einu aðildarríki, á öðru tungumáli sem tíðkast í alþjóðafjármálageiranum,
 - b) ef fjármálaafurð er gerð aðgengileg í gístiaðildarríki, einu af opinberum tungumálum þess gístiaðildarríkis.

39. gr.

Vefseturshlutanum „Ekkert verulegt tjón á markmiði um sjálfbæra fjárfestingu“ fyrir fjármálaafurðir sem hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði

Í vefseturshlutanum „Ekkert verulegt tjón á markmiði um sjálfbæra fjárfestingu“, sem um getur í b-lið 37. gr., skulu aðilar á fjármálamarkaði útskýra hvort og hvers vegna fjárfestingar í fjármálaafurðinni skaði engin markmið um sjálfbæra fjárfestingu verulega og veita allar eftirfarandi upplýsingar:

- a) með hvaða hætti tekið er tillit til vísa í töflu 1 í I. viðauka um neikvæð áhrif og allra viðeigandi vísa í töflu 2 og 3 í þeim viðauka,
- b) hvort sjálfbæra fjárfestingin sé í samræmi við viðmiðunarreglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki og leiðbeinandi meginreglur Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi, þ.m.t. meginreglur og réttindi sem sett eru fram í átta grundvallarsamþykktum sem eru skilgreindar í yfirlýsingu Alþjóðavinnuáætlunarinnar um grundvallarviðmið og réttindi við vinnu og alþjóðaréttarskrána.

40. gr.

Vefseturshlutanum „Markmið fjármálaafurðar um sjálfbæra fjárfestingu“ fyrir fjármálaafurðir sem hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði

Í vefseturshlutanum „Markmið fjármálaafurðar um sjálfbæra fjárfestingu“, sem um getur í c-lið 37. gr., skulu aðilar á fjármálamarkaði lýsa markmiði fjármálaafurðar um sjálfbæra fjárfestingu.

41. gr.

Vefseturshlutanum „Fjárfestingaráætlun“ fyrir fjármálaafurðir sem hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði

Í vefseturshlutanum „Fjárfestingaráætlun“, sem um getur í d-lið 37. gr., skulu aðilar á fjármálamarkaði lýsa öllu eftirfarandi:

- a) fjárfestingaráætlun sem er notuð til að ná markmiði um sjálfbæra fjárfestingu,
- b) stefnu til að meta góða stjórnarhætti félagsins sem fjárfest er í, þ.m.t. að því er varðar traust stjórnunarfyrrkomulag, samskipti við starfsmenn, launakjör starfsfólks og að skattareglum sé fylgt.

42. gr.

Vefseturshlutinn „Hlutfall fjárfestinga“ fyrir fjármálaafurðir sem hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði

Í vefseturshlutanum „Hlutfall fjárfestinga“ sem um getur í e-lið 37. gr. skulu aðilar á fjármálamarkaði setja inn þær upplýsingar sem vísað er til í liðnum „Hver er eignaskipting og lágmarkshlutdeild sjálfbærra fjárfestinga?“ í sniðmátinu sem sett er fram í III. viðauka við þessa reglugerð og skal greina á milli beinna áhættuskuldbindinga í einingum sem fjárfest er í og allra annarra tegunda áhættuskuldbindinga gagnvart þessum einingum.

43. gr.

Vefseturshlutinn „Vöktun markmiðs um sjálfbæra fjárfestingu“ fyrir fjármálaafurðir sem hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði

Í vefseturshlutanum „Vöktun markmiðs um sjálfbæra fjárfestingu“, sem um getur í f-lið 37. gr., skulu aðilar á fjármálamarkaði lýsa því hvernig markmið um sjálfbæra fjárfestingu og þeir sjálfbærnivísar sem notaðir eru til að mæla hvernig miðar að ná markmiði um sjálfbæra fjárfestingu eru vaktar allan líftíma fjármálaafurðar og tengdum innri eða ytri eftirlitskerfum.

44. gr.

Vefseturshlutinn „Aðferðafræði“ fyrir fjármálaafurðir sem hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði

Í vefseturshlutanum „Aðferðafræði“ sem um getur í g-lið 37. gr. skulu aðilar á fjármálamarkaði lýsa aðferðafræðinni sem notuð er til að mæla hvernig miðar að ná markmiði um sjálfbæra fjárfestingu og hvernig sjálfbærnivísar til að mæla hvernig miðar að ná þessu markmiði um sjálfbæra fjárfestingu eru notaðir.

45. gr.

Vefseturshlutinn „Gagnalindir og vinnsla“ fyrir fjármálaafurðir sem hafa sjálfbærar fjárfestingar að markmiði

Í vefseturshlutanum „Gagnalindir og vinnsla“, sem um getur í h-lið 37. gr., skulu aðilar á fjármálamarkaði lýsa öllu eftirfarandi:

- a) gagnalindum sem notaðar eru til að ná markmiðum um sjálfbæra fjárfestingu fjármálaafurðar,
- b) ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja gæði gagna,
- c) hvernig gögn eru unnin,
- d) hlutfalli áætlaðra gagna.

46. gr.

Vefseturshlutinn „Takmarkanir á aðferðafræði og gögnum“ fyrir fjármálaafurðir sem hafa sjálfbærar fjárfestingar að markmiði

Í vefseturshlutanum „Takmarkanir á aðferðafræði og gögnum“, sem um getur í i-lið 37. gr., skulu aðilar á fjármálamarkaði lýsa öllu eftirfarandi:

- a) öllum takmörkunum á þeirri aðferðafræði sem um getur í g-lið 37. gr. og gagnalindum sem um getur í h-lið 37. gr.,
- b) hvers vegna slíkar takmarkanir hafa ekki áhrif á það hvort markmið um sjálfbæra fjárfestingu náist.

47. gr.

Vefseturshluttinn „Áreiðanleikakönnun“ fyrir fjármálaafurðir sem hafa sjálfbærar fjárfestingar að markmiði

Í vefseturshlutanum „Áreiðanleikakönnun“, sem um getur í j-lið 37. gr., skulu aðilar á fjármálamarkaði lýsa áreiðanleikakönnun sem framkvæmd er á undirliggjandi eignum fjármálaafurðar, þ.m.t. innra og ytra eftirliti þeirrar áreiðanleikakönnunar.

48. gr.

Vefseturshluttinn „Þátttökustefnur“ fyrir fjármálaafurðir sem hafa sjálfbærar fjárfestingar að markmiði

Í vefseturshlutanum „Þátttökustefnur“, sem um getur í k-lið 37. gr., á fjármálamarkaði skulu aðilar á fjármálamarkaði lýsa þeim þátttökustefnum sem eru framkvæmdar þar sem þátttaka er hluti af markmiðinu um sjálfbæra fjárfestingu, þ.m.t. hvers kyns stjórnarnefndarmeðferðum sem eiga við um sjálfbærnitengd deiluefni í félögum sem fjárfest er í.

49. gr.

Vefseturshluttinn „Að ná markmiðinu um sjálfbæra fjárfestingu“ fyrir fjármálaafurðir sem hafa sjálfbærar fjárfestingar að markmiði

1. Í vefseturshlutanum „Að ná markmiðinu um sjálfbæra fjárfestingu“, sem um getur í l-lið 37. gr., skulu aðilar á fjármálamarkaði lýsa öllu eftirfarandi:

- a) að því er varðar fjármálaafurðir með sjálfbærar fjárfestingar að markmiði og sem vísitala hefur verið tilgreind fyrir sem tilvísunarviðmiðun, hvernig sú vísitala fellur að markmiðinu um sjálfbæra fjárfestingu fjármálaafurðar, þ.m.t. ílagsgögnum, aðferðafræðinni sem notuð er til að velja gögnin, aðferðum við endurstillingu og hvernig vísitalan er reiknuð út,
- b) að því er varðar fjármálaafurðir sem hafa samdrátt í kolefnislosun að markmiði, yfirlýsingu um að tilvísunarviðmiðunin teljist vera ein af viðmiðunum ESB vegna loftslagstengdra umbreytinga eða ein af viðmiðunum ESB sem eru lagaðar að Parísarsamningnum eins og skilgreint er í 23. lið a og 23. lið b í 3. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 og tengil þar sem finna má aðferðafræðina sem er notuð til að reikna þessar viðmiðanir út.

2. Ef upplýsingarnar sem um getur í þeim lið eru birtar að hluta eða í heild á vefsetri stjórnanda tilvísunarviðmiðunar skal gefa upp tengil á þær upplýsingar, þrátt fyrir ákvæði a-liðar 1. mgr.

3. Ef engin viðmiðun ESB vegna loftslagstengdra umbreytinga eða viðmiðun ESB sem er löguð að Parísarsamningnum eins og skilgreint er í 23. lið a og 23. lið b í 3. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 er aðgengileg, skal vefseturshluttinn „Að ná markmiðinu um sjálfbæra fjárfestingar“ sem um getur í l-lið 38. gr. þeirrar reglugerðar nefna þá staðreynd og útskýra hvernig áframhaldandi vinna við að ná markmiðinu um að draga úr kolefnislosun sé tryggð með það í huga að ná markmiðum Parísarsamningsins, þrátt fyrir ákvæði b-liðar 1. mgr. Aðilar á fjármálamarkaði skulu útskýra að hve miklu leyti fjármálaafurðin uppfyllir aðferðafræðilegar kröfur sem settar eru fram í framseldri reglugerð (ESB) 2020/1818.

V. KAFLI

UPPLÝSINGAGJÖF UM AFURÐ Í REGLUBUNÐNUM SKÝRSLUM

1. ÞÁTTUR

Efning umhverfislega eða félagslega þátta

50. gr.

Kröfur um framsetningu og efni reglubundinna skýrsla fyrir fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti

1. Að því er varðar fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti skulu aðilar á fjármálamarkaði birta upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 í viðauka við skjalið eða upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. 11. gr. þeirrar reglugerðar á formi sniðmátsins sem sett er fram í IV. viðauka við reglugerðina.
2. Í meginmáli skjals eða upplýsinga sem um getur í 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 skulu aðilar á fjármálamarkaði hafa áberandi yfirlýsingu um að upplýsingar um umhverfislega eða félagslega þætti séu aðgengilegar í viðaukanum.

51. gr.

Að ná fram þeim umhverfislegu eða félagslegu þáttum sem fjármálaafurðir efla

Í liðnum „Að hvaða marki voru umhverfislegir og/eða félagslegir þættir sem þessi fjármálaafurð eflir uppfylltir?“ í sniðmáttinu sem sett er fram í IV. viðauka við þessa reglugerð skulu aðilar á fjármálamarkaði veita allar eftirfarandi upplýsingar:

- a) að hve miklu leyti þeir umhverfislegu eða félagslegu þættir sem fjármálaafurðin eflir voru uppfylltir á tímabilinu sem reglubundnar skýrslur taka til, þ.m.t. afkomu sjálfbærnisvísu sem notaðir eru til að mæla hvernig sérhver þessara umhverfislegu eða félagslegu þátta eru uppfylltir og hvaða afleiður, ef einhverjar, hafa verið notaðar til að uppfylla þessa umhverfislegu eða félagslegu þætti,
- b) að því er varðar fjármálaafurðirnar sem um getur í fyrstu málsgrein 6. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, tilgreiningu á þeim umhverfismarkmiðum sem sett eru fram í 9. gr. þeirrar reglugerðar sem sjálfbæra fjárfestingin sem liggur til grundvallar fjármálaafurðinni stuðlaði að,
- c) ef aðili á fjármálamarkaði hefur lagt fram a.m.k. eina fyrri reglubundna skýrslu í samræmi við þennan lið um fjármálaafurðina, sögulegan samanburð á því tímabili sem reglubundin skýrsla tekur til og þeim tímabilum sem fyrri reglubundnar skýrslur ná yfir,
- d) að því er varðar fjármálaafurðir sem fólu í sér skuldbindingu um að framkvæma sjálfbærar fjárfestingar, útskýringu á því hvernig þessar fjárfestingar hafa stuðlað að markmiðunum um sjálfbæra fjárfestingu sem um getur í 17. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 og hafa ekki skaðað verulega nein af þessum markmiðum á tímabilinu sem reglubundin skýrsla tekur til, þ.m.t. öllu eftirfarandi:
 - i. með hvaða hætti tekið var tillit til vísa í töflu 1 í I. viðauka um neikvæð áhrif og allra viðeigandi vísa í töflu 2 og 3 í þeim viðauka,
 - ii. hvort sjálfbær fjárfesting hafi verið í samræmi við viðmiðunarreglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölbýðleg fyrirtæki og leiðbeinandi meginreglur Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi, þ.m.t. meginreglur og réttindi sem sett eru fram í átta grundvallarsamþykktum sem eru skilgreindar í yfirlýsingu Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um grundvallarviðmið og réttindi við vinnu og alþjóðaréttarskránni,
- e) upplýsingar um helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti eins og um getur í liðnum „Tekur þessi fjármálaafurð til helstu neikvæðu áhrifa á sjálfbærniþætti?“ í sniðmáttinu sem sett er fram í II. viðauka við þessa reglugerð.

52. gr.

Helstu fjárfestingar fyrir fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti

1. Liðurinn „Hverjar voru helstu fjárfestingar þessarar fjármálaafurðar?“ í sniðmáttinu sem sett er fram í IV. viðauka við þessa reglugerð skal vera skrá, í lakkandi röð eftir stærð, yfir þær fimmtán fjárfestingar sem eru stærsti hluti fjárfestinga í fjármálaafurðinni á því tímabili sem reglubundna skýrslan nær yfir, að meðtöldum þeim geira og löndum þar sem þessar fjárfestingar voru gerðar.
2. Ef fjárfestingar sem nema fimmtíu prósentum fjárfestinga í fjármálaafurðinni á tímabilinu sem reglubundin skýrsla tekur til eru færri en fimmtán, skal liðurinn sem um getur í 1. mgr. fela í sér lista yfir þessar fjárfestingar, í lakkandi röð eftir stærð, þ.m.t. gearar og lönd þar sem þessar fjárfestingar voru gerðar, þrátt fyrir 1. mgr.

53. gr.

Eignaskipting eftir fjármálaafurðum sem efla umhverfislega eða félagslega þætti

Í liðnum „Hver var eignaskiptingin?“ skulu aðilar á fjármálamarkaði í sniðmáttinu sem sett er fram í IV. viðauka við þessa reglugerð veita lýsingu á fjárfestingum í fjármálaafurðinni, þ.m.t. öllum eftirfarandi:

- a) hlutfalli fjárfestinga í fjármálaafurðinni sem náðu þeim umhverfislegu eða félagslegu þáttum sem eflidir voru á tímabilinu sem reglubundna skýrslan nær yfir,
- b) tilgangi með eftirstöðvum fjárfestinganna á tímabilinu sem reglubundin skýrsla tekur til, þ.m.t. lýsing á öllum lágmarksverndarráðstöfunum vegna umhverfis- eða félagslegra hagsmuna og hvort þessar fjárfestingar séu notaðar til áhættuvarna, tengist reiðufé sem er ætlað sem viðbótarlausafé eða séu fjárfestingar sem ófullnægjandi gögn eru til um.

54. gr.

Hlutfall fjárfestinga í ólíkum atvinnuvegum og undirgeirum

Í liðnum „Í hvaða atvinnuvegum voru fjárfestingarnar?“ í sniðmáttinu sem sett er fram í IV. viðauka við þessa reglugerð skulu aðilar á fjármálamarkaði veita upplýsingar um hlutfall fjárfestinga á tímabilinu sem reglubundin skýrsla nær yfir í mismunandi geirum og undirgeirum, þ.m.t. geirum og undirgeirum í hagkerfinu sem hafa tekjur af leit, námugrefti, námuvinnslu, framleiðslu, vinnslu, geymslu, hreinsun eða dreifingu, þ.m.t. flutningi, geymslu og viðskiptum, jarðefnaeldsneytis eins og það er skilgreint í 62. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1999 ⁽¹⁷⁾.

55. gr.

Upplýsingar um fjárfestingar í umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi fyrir fjármálaafurðir sem efla umhverfislega þætti

1. Ef þær fjármálaafurðir sem um getur í fyrstu málsgrein 6. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 fölu í sér skuldbindingu um að fjárfesta í atvinnustarfsemi sem stuðlar að almennu umhverfismarkmiði í skilningi 17. liðar 2. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088, skal liðurinn „Hvert var hlutfall sjálfbærnitengdra fjárfestinga?“ í sniðmáttinu sem sett er fram í IV. viðauka fela í sér allar eftirfarandi upplýsingar:

⁽¹⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1999 frá 11. desember 2018 um stjórnun orkusambandsins og aðgerða í loftslagsmálum, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 663/2009 og (EB) nr. 715/2009, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB, 98/70/EB, 2009/31/EB, 2009/73/EB, 2010/31/ESB, 2012/27/ESB og 2013/30/ESB, tilskipunum ráðsins 2009/119/EB og (ESB) 2015/652 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 (Stjtið. ESB L 328, 21.12.2018, bls. 1).

- a) sundurliðun á hlutfalli fjárfestinga fyrir sérhvert þeirra umhverfismarkmiða sem sett eru fram í 9. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 sem þessar fjárfestingar stuðluðu að,
- b) lýsingu á fjárfestingum í umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi á því tímabili sem reglubundin skýrsla nær yfir, þ.m.t.:
- i. hvort fylgni þessara fjárfestinga við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 hafi fallið undir staðfestingu eins eða fleiri endurskoðenda eða endurskoðun af hálfu eins eða fleiri þriðju aðila og, ef svo er, nafn eða nöfn endurskoðanda eða þriðja aðila,
 - ii. myndræna framsetningu í formi súlurits yfir samanlagðar fjárfestingar í umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi á því tímabili sem reglubundin skýrsla nær yfir, reiknað út í samræmi við 1. til 4. mgr. 17. gr.,
 - iii. myndræna framsetningu í formi súlurits yfir að hvaða marki samanlagðar fjárfestingar eru í umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi á því tímabili sem reglubundin skýrsla tekur til, en að undanskildum áhættuskuldbindingum gagnvart ríki, og reiknaðar út í samræmi við 5. mgr. 17. gr.,
 - iv. upplýsingarnar sem um getur í b-lið 2. mgr. 15. gr.,
 - v. sundurliðun á hlutfalli fjárfestinga, á því tímabili sem reglubundin skýrsla nær yfir, í umbreytingaratvinnustarfsemi og atvinnustarfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum, í hverju tilviki fyrir sig gefið upp sem hundradshluti af öllum fjárfestingum í fjármálaafurðinni,
 - vi. ef fjármálaafurð hefur fjárfest í atvinnustarfsemi með almennu umhverfismarkmiði en sem er ekki umhverfissjálfbær atvinnustarfsemi, greinargóða útskýringu á ástæðum þess,
 - vii. ef aðili á fjármálamarkaði hefur lagt fram a.m.k. eina fyrri reglubundna skýrslu í samræmi við þennan þátt um fjármálaafurðina, sögulegan samanburð á að hvaða marki þær fjárfestingar voru gerðar í umhverfissjálfbærri atvinnustarfsemi á því tímabili sem reglubundin skýrsla tekur til og á fyrri tímabilum,
 - viii. ef aðili á fjármálamarkaði gat ekki metið að hve miklu leyti áhættuskuldbindingar gagnvart ríki stuðluðu að umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi á því tímabili sem reglubundin skýrsla nær yfir, textaskýringu á ástæðunum og stærð þeirra áhættuskuldbindinga í heildarfjárfestingum.
2. Að því er varðar ákvæði ii. og iii. liða b-liðar 1. mgr. skal allt eftirfarandi gilda:
- a) þegar fjárfestingar í fyrirtækjum sem ekki eru á fjármálamarkaði eru lagðar saman skulu velta, fjárfestingarútgjöld og rekstrarútgjöld reiknuð út og tekin með í myndrænu framsetningunni,
- b) þegar fjárfestingar í fjármálafyrirtækjum eru lagðar saman skulu velta og fjárfestingarútgjöld, eftir atvikum, reiknuð út og tekin með í myndrænu framsetningunni,
- c) að því er varðar váttrygginga- og endurtryggingafélög sem leggja stund á skaðatryggingastarfsemi getur lykilangursmælikvarði verið sambland lykilangursmælikvarða fjárfestingar og sölutrygginga í samræmi við 6. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2178.

56. gr.

Upplýsingar fyrir fjármálaafurðir sem efla félagslega þætti

Að því er varðar fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti og fölu í sér skuldbindingu um sjálfbærar fjárfestingar með félagslegt markmið skal liðurinn „Hvert var hlutfall sjálfbærnitengdra fjárfestinga?“ í sniðmátinu sem sett er fram í IV. viðauka hafa að geyma hlutdeild í þessum sjálfbæru fjárfestingum.

57. gr.

Sjálfbærniárangur vísitölunnar sem er tilgreind sem viðmiðun fyrir umhverfislega eða félagslega þætti

1. Í liðnum „Hver var afkoma fjármálaafurðarinnar í samanburði við tilgreinda tilvísunarviðmiðun?“ í sniðmáttinu sem sett er fram í IV. viðauka við þessa reglugerð skulu aðilar á fjármálamarkaði veita allar eftirfarandi upplýsingar, að því er varðar fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti:
 - a) útskýringu á því hvernig vísitalan sem tilgreind er sem tilvísunarviðmiðun er frábrugðin viðeigandi breiðri markaðsvísitölu, þ.m.t. frammistöðu, á tímabilinu sem reglubundin skýrsla tekur til, varðandi sjálfbærnivísa sem aðili á fjármálamarkaði telur viðeigandi til að ákvarða samræmingu vísitölunnar við þá umhverfislega eða félagslega þætti sem fjármálaafurðin eflir og þá umhverfis-, samfélags- og stjórnunarþætti sem um getur í yfirlýsingu um viðmiðun sem stjórnandi viðmiðunar birtir í samræmi við 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011,
 - b) samanburð á afkomu fjármálaafurðar og þeim vísu sem mæla sjálfbærniþætti vísitölunnar, sem um getur í a-lið, á því tímabili sem reglubundin skýrsla tekur til,
 - c) samanburð á afkomu fjármálaafurðar og viðeigandi breiðri markaðsvísitölu á tímabilinu sem reglubundin skýrsla nær yfir.
2. Samanburðurinn sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. skal settur fram, þar sem við á, annaðhvort í formi töflu eða myndrænnar framsetningar.

2. ÞÁTTUR

Sjálfbærar fjárfestingar sem markmið

58. gr.

Kröfur um framsetningu og efni reglubundinna skýrsla fyrir fjármálaafurðir sem hafa sjálfbærar fjárfestingar að markmiði

Að því er varðar fjármálaafurðir sem hafa sjálfbærar fjárfestingar að markmiði skulu aðilar á fjármálamarkaði birta upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 í viðauka við skjalið eða upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. 11. gr. þeirrar reglugerðar á formi sniðmátsins sem sett er fram í V. viðauka við reglugerðina. Í meginmáli skjals eða upplýsinga sem um getur í 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 skulu aðilar á fjármálamarkaði hafa áberandi yfirlýsingu um að upplýsingar um sjálfbærar fjárfestingar séu aðgengilegar í þeim viðauka.

59. gr.

Að ná markmiði fjármálaafurðar um sjálfbæra fjárfestingu

Í liðnum „Að hvaða marki var markmið þessarar fjármálaafurðar um sjálfbæra fjárfestingu uppfyllt?“ í sniðmáttinu sem sett er fram í V. viðauka skulu aðilar á fjármálamarkaði veita allar eftirfarandi upplýsingar:

- a) að hve miklu leyti markmiðinu um sjálfbærar fjárfestingar var náð á því tímabili sem reglubundin skýrsla nær yfir, þ.m.t. afkomu:
 - i. sjálfbærnivísa sem um getur í undirliðnum „Hvaða sjálfbærnivísar eru notaðir til að mæla uppfyllingu markmiðsins um sjálfbæra fjárfestingu fyrir þessa fjármálaafurð?“ í liðnum „Hvert er markmið þessarar fjármálaafurðar um sjálfbæra fjárfestingu?“ í sniðmáttinu sem sett er fram í III. viðauka við þessa reglugerð,

- ii. allra afleiðna sem um getur í undirliðnum „Hvernig nær notkun afleiðna markmiði um sjálfbæra fjárfestingu?“ í liðnum „Hver er eignaskipting og lágmarkshlutdeild sjálfbærra fjárfestinga?“ í sniðmáttinu sem sett er fram í III. viðauka við þessa reglugerð sem notað er til að ná markmiði um sjálfbærar fjárfestingar,
- b) að því er varðar fjármálaafurðirnar sem um getur í fyrstu málsgrein 5. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, tilgreiningu á þeim umhverfismarkmiðum sem sett eru fram í 9. gr. þeirrar reglugerðar sem sjálfbæra fjárfestingin sem liggur til grundvallar fjármálaafurðinni stuðlaði að,
- c) að því er varðar fjármálaafurðirnar, sem um getur í 3. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088, upplýsingar um hvernig markmið um samdrátt í kolefnislosun hafi verið í samræmi við Parísarsamninginn, sem fela í sér lýsingu á framlagi fjármálaafurðarinnar á því tímabili sem reglubundin skýrsla tekur til í því skyni að ná markmiðum Parísarsamningsins, þ.m.t. að því er varðar viðmiðun ESB vegna loftslagstengdra umbreytinga eða viðmiðun ESB sem eru löguð að Parísarsamningnum, umhverfis-, samfélags- og stjórnumarþætti og viðmiðanir sem stjórnandi viðmiðunar tekur til athugunar í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2020/1818,
- d) ef aðilar á fjármálamarkaði hafa lagt fram a.m.k. eina fyrri reglubundna skýrslu í samræmi við þennan þátt um fjármálaafurðina, sögulegan samanburð á núverandi tímabili sem reglubundin skýrsla tekur til og fyrri tímabilum,
- e) útskýringu á því hvernig sjálfbærar fjárfestingar hafa stuðlað að markmiðinu um sjálfbæra fjárfestingu og hafa ekki skaðað verulega markmiðið um sjálfbæra fjárfestingu á því tímabili sem reglubundin skýrsla nær yfir, þ.m.t. öllum eftirfarandi atriðum:
 - i. með hvaða hætti tekið var tillit til vísa í töflu 1 í I. viðauka um neikvæð áhrif og allra viðeigandi vísa í töflu 2 og 3 í þeim viðauka,
 - ii. hvort sjálfbær fjárfesting hafi verið í samræmi við viðmiðunarreglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki og leiðbeinandi meginreglur Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi, þ.m.t. meginreglur og réttindi sem sett eru fram í átta grundvallarsamþykktum sem eru skilgreindar í yfirlýsingu Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um grundvallarviðmið og réttindi við vinnu og alþjóðaréttarskránni,
- f) upplýsingar um helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti eins og um getur í liðnum „Tekur þessi fjármálaafurð tillit til helstu neikvæðu áhrifa á sjálfbærniþætti?“ í sniðmáttinu sem sett er fram í III. viðauka við þessa reglugerð.

60. gr.

Helstu fjárfestingar í fjármálaafurðum sem hafa sjálfbærar fjárfestingar að markmiði

1. Í liðnum „Hverjar voru helstu fjárfestingar þessarar fjármálaafurðar?“ í sniðmáttinu sem sett er fram í V. viðauka skulu aðilar á fjármálamarkaði skrá, í lækkandi röð eftir stærð, þær fimmtán fjárfestingar sem eru stærsti hluti fjárfestinga fjármálaafurðarinnar á tímabilinu sem reglubundin skýrsla nær yfir, þ.m.t. geirana og löndin í þessum fjárfestingum.
2. Ef fjárfestingar sem nema fimmtíu prósentum fjárfestinga í fjármálaafurðinni á tímabilinu sem reglubundin skýrsla tekur til eru færri en fimmtán, skal liðurinn sem um getur í 1. mgr. fela í sér lista yfir þessar fjárfestingar, í lækkandi röð eftir stærð, þ.m.t. geirar og lönd þar sem þessar fjárfestingar voru gerðar, þrátt fyrir 1. mgr.

61. gr.

Hlutfall sjálfbærnitengdra fjárfestinga fyrir fjármálaafurðir sem hafa sjálfbærar fjárfestingar að markmiði

Í liðnum „Hvert var hlutfall sjálfbærnitengdra fjárfestinga?“ í sniðmáttinu sem sett er fram í V. viðauka skulu aðilar á fjármálamarkaði veita allar eftirfarandi upplýsingar:

- a) hlutföll fjárfestinga í fjármálaafurðinni sem stuðluðu að markmiðinu um sjálfbæra fjárfestingu,

- b) tilgangi með eftirstöðvum fjárfestinganna á tímabilinu sem reglubundin skýrsla tekur til, þ.m.t. lýsing á öllum lágmarks verndarráðstöfunum vegna umhverfis- eða félagslegra hagsmuna og hvort þessar fjárfestingar eru notaðar til áhættuvarna eða tengjast reiðufé sem er ætlað sem viðbótarlausafé,
- c) hlutfall fjárfestinga á því tímabili sem reglubundin skýrsla nær til í mismunandi geirum og undirgeirum.

62. gr.

Upplýsingar um sjálfbærar fjárfestingar fyrir fjármálaafurðir með sjálfbærar fjárfestingar að markmiði

1. Að því er varðar fjármálaafurðirnar sem um getur í fyrstu málsgrein 5. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 skal liðurinn „Hvert var hlutfall sjálfbærnitengdra fjárfestinga?“ í sniðmáttinu sem sett er fram í III. viðauka hafa að geyma allar eftirfarandi upplýsingar:

- a) sundurliðun í samræmi við a-lið 1. mgr. 55. gr.,
- b) lýsingu á sjálfbærum fjárfestingum í umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi á því tímabili sem reglubundin skýrsla nær yfir, þ.m.t.:
 - i. upplýsingar í samræmi við i. lið b-liðar 1. mgr. 55. gr.,
 - ii. myndræna framsetningu í formi súlurits í samræmi við ii. lið b-liðar 1. mgr. 55. gr.,
 - iii. myndræna framsetningu í formi súlurits í samræmi við iii. lið b-liðar 1. mgr. 55. gr.,
 - iv. upplýsingarnar sem um getur í b-lið 1. mgr. 15. gr.,
 - v. sundurliðun í samræmi við v. lið b-liðar 1. mgr. 55. gr.,
 - vi. ef fjármálaafurð hefur fjárfest í atvinnustarfsemi með almennt umhverfismarkmið en sem er ekki umhverfissjálfbær atvinnustarfsemi, greinargóða útskýringu á ástæðum þess,
 - vii. ef aðili á fjármálamarkaði hefur lagt fram a.m.k. eina fyrri reglubundna skýrslu í samræmi við þennan þátt um fjármálaafurðina, sögulegan samanburð á að hvaða marki þær fjárfestingar voru gerðar í umhverfissjálfbærri atvinnustarfsemi á því tímabili sem reglubundin skýrsla tekur til og á fyrri tímabilum,
- c) textaskýringar í samræmi við viii. lið b-liðar 1. mgr. 55. gr.,
- d) að því er varðar fjármálaafurðir með sjálfbærar fjárfestingar með félagslegt markmið skal liðurinn „Hver var hlutdeild félagslega sjálfbærra fjárfestinga á tímabilinu sem reglubundin skýrsla nær yfir“ í sniðmáttinu sem sett er fram í V. viðauka einnig hafa að geyma hlutdeild þessara sjálfbæru fjárfestinga.

2. Að því er varðar ii. lið b-liðar og iii. lið b-liðar 1. mgr. skulu aðilar á fjármálamarkaði beita 2. mgr. 55. gr.

63. gr.

Sjálfbærniárangur vísitölunnar sem er tilgreind sem viðmiðun fyrir sjálfbærnimarkmið

1. Í liðnum „Hver var afkoma fjármálaafurðarinnar í samanburði við þá sjálfbærni viðmiðun sem vísað er til?“ í sniðmáttinu sem sett er fram í V. viðauka skulu aðilar á fjármálamarkaði veita allar eftirfarandi upplýsingar um fjármálaafurðir sem hafa sjálfbærar fjárfestingar að markmiði og sem vísitala hefur verið tilgreind fyrir sem tilvísunarviðmiðun:

- a) útskýringu á því hvernig vísitalan sem tilgreind er sem tilvísunarviðmiðun er frábrugðin viðeigandi breiðri markaðsvísitölu, þ.m.t. afkomu, á tímabilinu sem reglubundin skýrsla tekur til, varðandi sjálfbærnivísa sem aðili á fjármálamarkaði telur viðeigandi til að ákvarða samræmingu vísitölnunnar við markmiðið um sjálfbæra fjárfestingu, þ.m.t. umhverfis-, samfélags- og stjórnumarþætti sem um getur í yfirlýsingu um viðmiðun sem stjórnandi viðmiðunar birtir í samræmi við 2. mgr. a 27. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011,
 - b) samanburð á afkomu fjármálaafurðar og þeim vísu sem mæla sjálfbærniþætti vísitölnunnar, sem um getur í a-lið, á því tímabili sem reglubundin skýrsla tekur til,
 - c) samanburð á afkomu fjármálaafurðar og viðeigandi breiðri markaðsvísitölu á tímabilinu sem reglubundin skýrsla nær yfir.
2. Samanburðurinn sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. skal annaðhvort gerður í formi töflu eða myndrænnar framsetningar.

3. ÞÁTTUR

Sögulegur samanburður fyrir reglubundnar skýrslur

64. gr.

Sögulegur samanburður fyrir reglubundnar skýrslur

1. Í þeim sögulega samanburði sem um getur í 51. gr. (c-lið), 55. gr. (vii. lið b-liðar 1. mgr.), 59. gr. (d-lið) og 62. gr. (vii. lið b-liðar 1. mgr.) skulu aðilar á fjármálamarkaði bera tímabilið sem reglubundin skýrsla tekur til saman við tímabil sem fyrri reglubundnar skýrslur taka til og síðan við sérhvert tímabil sem reglubundin skýrsla tekur til, fyrir a.m.k. fimm síðustu fyrri tímabil.
2. Að því er varðar þann sögulega samanburð sem um getur í c-lið 51. gr. og d-lið 59. gr. skulu aðilar á fjármálamarkaði skýra frá árangri sjálfbærnivísa með samræmdum hætti yfir lengra tímabil og veita allar eftirfarandi upplýsingar:
 - a) ef megindlegar upplýsingar eru veittar, tölur með hlutfallslegri mælingu, svo sem áhrif hvernar evru sem fjárfest er,
 - b) hvaða vísar falla undir staðfestingu endurskoðanda eða endurskoðun þriðja aðila,
 - c) hlutfall undirliggjandi eigna þeirrar fjármálaafurðar sem um getur í liðnum „Hvert var hlutfall sjálfbærnitengdra fjárfestinga?“ í sniðmálinu sem sett er fram í IV. viðauka við reglugerðina og í liðnum „Hvert var hlutfall sjálfbærnitengdra fjárfestinga?“ í sniðmálinu sem sett er fram í V. viðauka.

4. ÞÁTTUR

Fjármálaafurðir með fjárfestingarkosti

65. gr.

Fjármálaafurðir með einn eða fleiri undirliggjandi fjárfestingarkosti sem valda því að þær teljast fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti

1. Þrátt fyrir ákvæði 50. til 57. gr. skulu aðilar á fjármálamarkaði, þegar fjármálaafurð býður fjárfestum fjárfestingarkosti og einn eða fleiri þessara fjárfestingarkosta uppfylla skilyrði þess að fjármálaafurð sé fjármálaafurð sem eflir umhverfislega eða félagslega þætti, setja fram í meginmáli skjalsins eða upplýsinganna, sem um getur í 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088, áberandi yfirlýsingu sem staðfestir öll eftirfarandi atriði:

- a) að fjármálaafurðin efli umhverfislega eða félagslega þætti,
- b) að þessum þáttum sé aðeins náð þegar fjárfest er í a.m.k. einum þeirra fjárfestingarkosta sem eru tilgreindir í skránni sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar og að a.m.k. einum þessara kosta sé haldið á eignartímabili fjármálaafurðar,
- c) að nánari upplýsingar sem tengjast þessum umhverfislegu eða félagslegu þáttum séu aðgengilegar í þeim viðaukum sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar.

2. Aðilar á fjármálamarkaði skulu veita allar eftirfarandi upplýsingar í viðaukum við skjalið eða upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2019/2088:

- a) að því er varðar sérhvern fjárfestingarkost sem fjárfest er í og telst fjármálaafurð sem eflir umhverfislega eða félagslega þætti, upplýsingarnar sem um getur í 50. til 57. gr. þessarar reglugerðar,
- b) að því er varðar sérhvern fjárfestingarkost sem fjárfest er í og telst vera fjármálaafurð með sjálfbæra fjárfestingu að markmiði, upplýsingarnar sem um getur í 58. og 63. gr. þessarar reglugerðar,
- c) að því er varðar sérhvern fjárfestingarkost sem fjárfest er í og hefur sjálfbæra fjárfestingu að markmiði en er ekki fjármálaafurð, upplýsingar um markmið um sjálfbæra fjárfestingu.

3. Aðilar á fjármálamarkaði skulu leggja upplýsingarnar sem um getur í a-lið 2. mgr. fram á formi sniðmátsins sem sett er fram í IV. viðauka og upplýsingarnar sem um getur í b-lið 2. mgr. á formi sniðmátsins sem sett er fram í V. viðauka.

66. gr.

Fjármálaafurðir með undirliggjandi fjárfestingarkosti sem allir hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði

1. Þrátt fyrir 58. til 63. gr., ef fjármálaafurð býður fjárfesti fjárfestingarkosti og allir fjárfestingakostirnir hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði skulu aðilar á fjármálamarkaði staðfesta með áberandi yfirlýsingu í meginmáli skjalsins eða upplýsinganna sem um getur í 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 að fjármálaafurðin hafi sjálfbæra fjárfestingu að markmiði og að upplýsingarnar sem tengjast því markmiði séu aðgengilegar í viðaukunum sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar.

2. Aðilar á fjármálamarkaði skulu veita allar eftirfarandi upplýsingar í viðaukum við skjalið eða upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2019/2088:

- a) að því er varðar sérhvern fjárfestingarkost sem fjárfest er í og telst vera fjármálaafurð með sjálfbæra fjárfestingu að markmiði, upplýsingarnar sem um getur í 58. og 63. gr.,
- b) að því er varðar sérhvern fjárfestingarkost sem fjárfest er í og hefur sjálfbæra fjárfestingu að markmiði en er ekki fjármálaafurð, upplýsingar um markmið um sjálfbæra fjárfestingu.

3. Aðilar á fjármálamarkaði skulu leggja fram þær upplýsingar sem um getur í a-lið 2. mgr. á formi sniðmátsins sem sett er fram í V. viðauka.

67. gr.

Upplýsingar um undirliggjandi fjárfestingarkosti sem hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði og eru ekki fjármálaafurðir

Upplýsingar um markmið þeirra sjálfbæru fjárfestinga sem um getur í c-lið 2. mgr. 65. gr. og b-lið 2. mgr. 66. gr. skulu hafa að geyma allt eftirfarandi:

- a) lýsingu á markmiðinu um sjálfbæra fjárfestingu,

- b) að hve miklu leyti markmiðinu sjálfbæra fjárfestingu var náð á tímabilinu sem reglubundin skýrsla nær yfir, þ.m.t. árangur vísa um sjálfbærni sem notaðir eru til að mæla heildaráhrifin af sjálfbærum valkostum sem hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði,
- c) lýsingu á því hvernig fjárfestingarnar skaða ekki verulega nein af markmiðunum um sjálfbæra fjárfestingu, þ.m.t. öllu eftirfarandi:
 - i. með hvaða hætti tekið er tillit til vísa í töflu 1 í I. viðauka um neikvæð áhrif og allra viðeigandi vísa í töflu 2 og 3 í þeim viðauka,
 - ii. hvort sjálfbæra fjárfestingin sé í samræmi við viðmiðunarreglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki og leiðbeinandi meginreglur Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi, þ.m.t. meginreglur og réttindi sem sett eru fram í átta grundvallarsamþykktum sem eru skilgreindar í yfirlýsingu Alþjóðavinnuálagastofnunarinnar um grundvallarviðmið og réttindi við vinnu og alþjóðaréttarskrána.

VI. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

68. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. apríl 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

Sniðmát fyrir yfirlýsingu um helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærni

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „losun gróðurhúsalofttegunda í umfangi 1, 2 og 3“: losun gróðurhúsalofttegunda í umfangi sem um getur í i. til iii. lið e-liðar 1. liðar III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 ⁽¹⁾,
- 2) „losun gróðurhúsalofttegunda (GHL)“: losun gróðurhúsalofttegunda eins og hún er skilgreind í 1. lið 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/842 ⁽²⁾,
- 3) „vegið meðaltal“: hlutfallið á milli vægis fjárfestingar aðila á fjármálamarkaði í félagi sem fjárfest er í og fyrirtækjavirðis félagsins sem fjárfest er í,
- 4) „virði fyrirtækis“: samtala, við lok reikningsárs, markaðsverðmætis almenns hlutafjár, markaðsverðmætis forgangshlutabréfa og bókfærðs virðis heildarskuldar og hlutar sem ekki er ráðandi, án frádráttar reiðufjár eða ígildis reiðufjár,
- 5) „félög sem starfa í jarðefnaeldsneytisgeiranum“: félög sem hafa tekjur af leit, námugreftri, námuvinnslu, framleiðslu, vinnslu, geymslu, hreinsun eða dreifingu jarðefnaeldsneytis, þ.m.t. flutningi, geymslu og viðskiptum, eins og skilgreint er í 62. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1999 ⁽³⁾,
- 6) „endurnýjanlegir orkugjafar“: endurnýjanlegir orkugjafar sem eru ekki jarðefnaeldsneyti, þ.e. vindorka, sólarorka (sólarvarmaorka og sólarraforka) og jarðvarmaorka, umhverfisorka, öldu- og sjávarfallaorka og önnur sjávarorka, vatnsorka, lífmassi, hauggas, gas frá skólphreinsunarstöðvum og lífgas,
- 7) „óendurnýjanlegir orkugjafar“: aðrir orkugjafar en þeir sem um getur í 6. lið,
- 8) „orkunotkunarkræfni“: hlutfall orkunotkunar á hverja virknieiningu, afurð eða aðra mælistiku félags sem fjárfest er í á móti heildarorkunotkun fyrirtækisins sem fjárfest er í,
- 9) „loftslagsgeirar með mikil áhrif“: þeir geirar sem eru taldir upp í bálkum A til H og báلكi L í I. viðauka reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 ⁽⁴⁾,
- 10) „verndað svæði“: tilnefnd svæði í sameiginlegum gagnagrunni Umhverfisstofnunar Evrópu um tilnefnd svæði,
- 11) „svæði sem hefur mikið gildi vegna líffræðilegrar fjölbreytni utan verndaðra svæða“: land sem hefur mikið gildi vegna líffræðilegrar fjölbreytni eins og um getur í 3. mgr. 7. gr. b í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB ⁽⁵⁾,

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 (Stjtið. ESB L 171, 29.6.2016, bls.1).

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/842 frá 30. maí 2018 um bindandi árlega skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda aðildarríkjanna frá 2021 til 2030 sem stuðlar að loftslagsaðgerðum til að uppfylla skuldbindingar samkvæmt Parísarsamningnum og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 525/2013 (Stjtið. ESB L 156, 19.6.2018, bls. 26).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1999 frá 11. desember 2018 um stjórnun orkusambandsins og aðgerða í loftslagsmálum, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 663/2009 og (EB) nr. 715/2009, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB, 98/70/EB, 2009/31/EB, 2009/73/EB, 2010/31/ESB, 2012/27/ESB og 2013/30/ESB, tilskipunum ráðsins 2009/119/EB og (ESB) 2015/652 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 (Stjtið. ESB L 328, 21.12.2018, bls. 1).

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90, sem og tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslusvið. Texti sem varðar EES (Stjtið. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1).

(5) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB frá 13. október 1998 um gæði bensíns og díseildsneytis og breytingu á tilskipun ráðsins 93/12/EBE (Stjtið. EB L 350, 28.12.1998, bls. 58).

- 12) „losun í vatn“: bein losun forgangsefna eins og þau eru skilgreind í 30. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB ⁽⁶⁾ og bein losun nitrata, fosfata og varnarefna,
- 13) „svæði þar sem er mikið álag á vatnsauðlindir“: svæði þar sem heildarhluti tekins vatns er stór (40-80%) eða mjög stór (stærri en 80%) samkvæmt Vatnsáættukorti Heimsauðlindastofnunarinnar „Aqueduct“,
- 14) „hættulegur úrgangur og geislavirkur úrgangur“: hættulegur úrgangur og geislavirkur úrgangur,
- 15) „hættulegur úrgangur“: hættulegur úrgangur eins og hann er skilgreindur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ⁽⁷⁾,
- 16) „geislavirkur úrgangur“: geislavirkur úrgangur eins og skilgreindur er í 7. mgr. 3. gr. tilskipunar ráðsins 2011/70/KBE ⁽⁸⁾,
- 17) „óendurunninn úrgangur“: hvers kyns úrgangur sem ekki er endurunninn í skilningi „endurvinnslu“ í 17. mgr. 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB,
- 18) „starfsemi sem hefur neikvæð áhrif á svæði sem eru viðkvæm m.t.t. líffræðilegrar fjölbreytni“: starfsemi sem einkennist af öllu eftirfarandi:
- a) að starfsemin leiði til hnignunar náttúrulegra búsvæða og búsvæða tegunda og raski tegundunum sem tiltekið verndarsvæði hefur verið tilgreint fyrir,
 - b) að því er þessa starfsemi varðar hefur engri af þeim niðurstöðum, mótvægisráðstöfunum eða áhrifamati sem var samþykkt samkvæmt einhverri eftirfarandi tilskipana eða landsákvæða eða alþjóðlegra staðla, sem jafngilda þessum tilskipunum, verið komið til framkvæmda:
 - i. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/147/EB ⁽⁹⁾,
 - ii. Tilskipun ráðsins 92/43/EBE ⁽¹⁰⁾,
 - iii. mat á umhverfisáhrifum eins og skilgreint er í g-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/92/ESB ⁽¹¹⁾,
 - iv. að því er varðar starfsemi sem staðsett er í þriðju löndum, niðurstöður, mótvægisráðstafanir eða áhrifamat sem er samþykkt í samræmi við landsákvæði eða alþjóðlega staðla, sem eru jafngildir tilskipununum og áhrifamatinu sem tilgreint er í i., ii. og iii. lið,
- 19) „svæði sem eru viðkvæm m.t.t. líffræðilegrar fjölbreytni“: Evrópunet verndarsvæða, heimsminjastaðir UNESCO og lykilsvæði líffræðilegrar fjölbreytni sem og önnur vernduð svæði, eins og um getur í viðbæti D við II. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2139 ⁽¹²⁾,
- 20) „tegundir sem er ógnað“: tegundir í útrýmingarhættu, þ.m.t. plöntur og dýr, sem eru skráð á evrópska rauðlistann eða rauðlista Alþjóðanáttúruverndarsambandsins, eins og um getur í 7. lið II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2021/2139,
- 21) „skógeyðing“: tímabundin eða varanleg breyting á skóglendi í skóglaut land af mannavöldum,
- 22) „meginreglur hnattræns samkomulags Sameinuðu þjóðanna um siðferði og ábyrgð í viðskiptum“: meginreglurnar tíu í hnattrænu samkomulagi Sameinuðu þjóðanna um siðferði og ábyrgð í viðskiptum,

⁽⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (Stjtið. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1).

⁽⁷⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtið. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

⁽⁸⁾ Tilskipun ráðsins 2011/70/KBE frá 19. júlí 2011 um ramma Bandalagsins um ábyrga og örugga stjórnum á notuðu eldsneyti og geislavirkum úrgangi (Stjtið. ESB L 199, 2.8.2011, bls. 48).

⁽⁹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/147/EB frá 30. nóvember 2009 um verndun villtra fugla (Stjtið. ESB L 20, 26.1.2010, bls. 7).

⁽¹⁰⁾ Tilskipun ráðsins 92/43/EBE frá 21. maí 1992 um varðveislu vistgerða og villtra plantna og dýra (Stjtið. EB L 206, 22.7.1992, bls. 7).

⁽¹¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/92/ESB frá 13. desember 2011 um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið (Stjtið. ESB L 26, 28.1.2012, bls. 1).

⁽¹²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2139 frá 4. júní 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 með því að fastsetja tæknileg matsviðmið til að ákvarða við hvaða skilyrði atvinnustarfsemi telst stuðla verulega að mótvægi við loftslagsbreytingar eða aðlögun að loftslagsbreytingum og til að ákvarða hvort þessi atvinnustarfsemi veldur umtalsverðu tjóni á einhverjum öðrum almennum umhverfismarkmiðum (Stjtið. ESB L 442, 9.12.2021, bls. 1).

- 23) „óleiðréttur launamunur milli kynja“: munurinn á vergum meðaltekjum launaðra karlkyns starfsmanna á klukkustund og launaðra kvenkyns starfsmanna sem hlutfall af vergum meðaltekjum launaðra karlkyns starfsmanna á klukkustund,
- 24) „stjórn“: framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn félags,
- 25) „mannréttindastefna“: skuldbinding í stefnu sem samþykkt er á stjórnarstigi um mannréttindi um að atvinnustarfsemi félags sem fjárfest er í skuli vera í samræmi við leiðbeinandi meginreglur Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi,
- 26) „uppljóstrari“: „tilkynningaraðili“ eins og hann er skilgreindur í 7. mgr. 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2019/1937 ⁽¹³⁾,
- 27) „ólífræn mengunarefni“: losun sem er innan eða undir losunargildum sem tengjast bestu, fáanlegu tækni (BAT-AEL) eins og hún er skilgreind í 13. lið 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB ⁽¹⁴⁾ fyrir ólífræn iðefni í miklu magni – föst efni og önnur efni,
- 28) „loftmengunarefni“: bein losun brennisteinstvíoxíðs (SO₂), köfnunarefnisoxíða (NO_x), lífrænna rokefna, annarra en metans og fingerðra efnisagna (PM_{2,5}) eins og skilgreint er í 5. til 8. lið 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2284 ⁽¹⁵⁾, ammoníaks (NH₃) eins og um getur í þeirri tilskipun og þungmálma eins og um getur í I. viðauka við þá tilskipun,
- 29) „ósoneýðandi efni“: efni sem eru skráð í Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins.

Í þessum viðauka skulu eftirfarandi formúlur gilda:

- 1) „losun gróðurhúsalofttegunda“ skal reiknuð út í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$\sum_n^i \left(\frac{\text{current value of investment}_i}{\text{investee company's enterprise value}_i} \times \text{investee company's Scope}(x) \text{ GHG emissions}_i \right)$$

- 2) „kolefnisspor“ skal reiknað út í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$\frac{\sum_n^i \left(\frac{\text{current value of investment}_i}{\text{investee company's enterprise value}_i} \times \text{investee company's Scope 1, 2 and 3 GHG emissions}_i \right)}{\text{current value of all investments (€M)}}$$

- 3) „styrkur gróðurhúsalofttegunda hjá félögum sem fjárfest er í“ skal reiknaður út í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$\sum_n^i \left(\frac{\text{current value of investment}_i}{\text{current value of all investments (€M)}} \times \frac{\text{investee company's Scope 1, 2 and 3 GHG emissions}_i}{\text{investee company's €M revenue}_i} \right)$$

⁽¹³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1937 frá 23. október 2019 um verndun þeirra sem tilkynna um brot á lögum Sambandsins (Stjtið. ESB L 305, 26.11.2019, bls. 17).

⁽¹⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) (Stjtið. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17).

⁽¹⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2284 frá 14. desember 2016 um að draga úr landsbundinni losun á tilteknum loftmengunarefnum, um breytingu á tilskipun 2003/35/EB og niðurfellingu á tilskipun 2001/81/EB (Stjtið ESB L 344, 17.12.2016, bls. 1).

4) „styrkur gróðurhúsalofttegunda hjá ríkjum“ skal reiknaður út í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$\sum_n^i \left(\frac{\text{current value of investment}_i}{\text{current value of all investments (€M)}} \times \frac{\text{The country's Scope 1, 2 and 3 GHG emissions}_i}{\text{Gross Domestic Product}_i(\text{€M})} \right)$$

5) „óskilvirkar fasteignir“ skulu reiknaðar út í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$\frac{((\text{Value of real estate assets built before 31 / 12 / 2020 with EPC of C or below}) + (\text{Value of real estate assets built after 31 / 12 / 2020 with PED below NZEB in Directive 2010 / 31 / EU}))}{\text{Value of real estate assets required to abide by EPC and NZEB rules}}$$

Í þessum formúlum skulu eftirfarandi skilgreiningar gilda:

- 1) „núvirði fjárfestingar“: virði fjárfestingar aðila á fjármálamarkaði í féluginu sem fjárfest er í, gefið upp í evrum,
- 2) „virði fyrirtækis“: samtala, við lok reikningsárs, markaðsverðmætis almenns hlutafjár, markaðsverðmætis forgangshlutabréfa og bókfærðs virðis heildarskuldar og hlutar sem ekki er ráðandi, án frádráttar reiðufjár eða ígildis reiðufjár,
- 3) „núvirði allra fjárfestinga“: virði allra fjárfestinga aðila á fjármálamarkaði í evrum,
- 4) „nánast núllorkubygging“, „frumorkubörf“ og „orkunýtingarvottorð“ skulu hafa þá merkingu sem þeim er gefin í 2., 5. og 12. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/31/ESB ⁽¹⁶⁾.

Tafla 1

Yfirlýsing um helstu neikvæðu áhrif af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti

Aðili á fjármálamarkaði [nafn og, ef það liggur fyrir, LEI-auðkenni]

Samantekt

[Heiti og, ef tiltækt er, auðkenni lögaðila] tekur tillit til helstu neikvæðu áhrifa af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti. Þessi yfirlýsing er sameinuð yfirlýsing [heiti aðila á fjármálamarkaði] [ef við á skal færa inn „og dótturfélög félagsins, þ.e. [telja skal upp dótturfélögin sem tekin eru með]“] um helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti.

Þessi yfirlýsing um helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti nær yfir viðmiðunartímabilið frá [færa skal inn „1. janúar“ eða dagsetninguna þegar fyrst var tekið tillit til neikvæðra megináhrifa] til 31. desember [árið n].

[Samantekt sem um getur í 5. gr., lögð fram á tungumálunum sem um getur í 1. mgr.]

Lýsing á helstu neikvæðu áhrifum á sjálfbærniþætti

[Upplýsingar sem um getur í 7. gr. á því sniði sem sett er fram hér á eftir]

⁽¹⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/31/ESB frá 19. maí 2010 um orkunýtingu bygginga (endurútgefin) (Stjtið. ESB L 153, 18.6.2010, bls. 13).

Vísar sem gilda um fjárfestingar í félögum sem fjárfest er í						
Vísir um neikvæða sjálfbærni		Mælistika	Áhrif [ár n]	Áhrif [ár n-1]	Skýring	Aðgerðir sem gripið er til og aðgerðir sem eru fyrirhugaðar og markmið sem sett eru fyrir næsta viðmiðunartímabil
LOFTSLAGSVÍSAR OG AÐRIR UMHVERFISTENGDIR VÍSAR						
Losun gróðurhúsalofttegunda	1. Losun GHL	Losun GHL, umfang 1				
		Losun GHL, umfang 2				
		Losun GHL, umfang 3				
		Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda				
	2. Kolefnisspor	Kolefnisspor				
	3. Styrkur GHL hjá félögum sem fjárfest er í	Styrkur GHL hjá félögum sem fjárfest er í				
	4. Áhættuskuldbindingar gagnvart félögum sem starfa í jarðefnaeldsneytisgeiranum	Hlutdeild fjárfestinga í félögum sem eru virk í jarðefnaeldsneytisgeiranum				
	5. Hlutdeild í notkun og framleiðslu á óendurnýjanlegri orku	Hlutdeild í notkun og framleiðslu á óendurnýjanlegri orku félaga, sem fjárfest er í, frá óendurnýjanlegum orkugjöfum samanborið við endurnýjanlega orkugjafa, gefið upp sem hlutfall af heildarorkugjöfum				
6. Orkunotkun á hvern loftslagsgeira með mikil áhrif	Orkunotkun í GWh á hverja milljón evra af tekjum félaga sem fjárfest er í eftir hverjum loftslagsgeira sem veldur miklum áhrifum					
Líffræðileg fjölbreytni	7. Starfsemi sem hefur neikvæð áhrif á svæði sem eru viðkvæm m.t.t. líffræðilegrar fjölbreytni	Hlutdeild fjárfestinga í félögum sem fjárfest er í með athafnasvæði/rekstur á eða nálægt svæðum sem eru viðkvæm m.t.t. líffræðilegrar fjölbreytni þar sem starfsemi þessara félaga sem fjárfest er í hefur neikvæð áhrif á þessi svæði				

Vatn	8. Losun í vatn	Tonn af losun í vatn frá félögum sem fjárfest er í á hverja milljón evra sem er fjárfest, gefið upp sem vegið meðaltal				
Úrgangur	9. Hættulegur úrgangur og hlutfall geislavirks úrgangs	Tonn af hættulegum úrgangi og geislavirkum úrgangi sem myndast í félögum sem fjárfest er í á hverja milljón evra sem fjárfest er í, gefið upp sem vegið meðaltal				

VÍSAR FYRIR FÉLAGS- OG STARFSMANNATENGÐ MÁL, VIRÐINGU FYRIR MANNRÉTTINDUM, MÁL SEM VARÐA BARÁTTUNA GEGN SPILLINGU OG MÚTUM

Félags- og starfsmannamál	10. Brot á meginreglum Sameinuðu þjóðanna um hnattrænt samkomulag um siðferði og ábyrgð í viðskiptum og viðmiðunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki	Hlutdeild fjárfestinga í félögum sem fjárfest er í, sem hafa brotið í bága við meginreglur Sameinuðu þjóðanna um hnattrænt samkomulag um siðferði og ábyrgð í viðskiptum eða viðmiðunarreglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki				
	11. Skortur á verklagsreglum og reglufylgniaðferðum til að vakta fylgni við meginreglur Sameinuðu þjóðanna um hnattrænt samkomulag um siðferði og ábyrgð í viðskiptum og viðmiðunarreglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki	Hlutdeild fjárfestinga í félögum sem fjárfest er í sem eru án stefnu um eftirlit með því hvort þau fylgi meginreglum Sameinuðu þjóðanna um hnattrænt samkomulag um siðferði og ábyrgð í viðskiptum eða viðmiðunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki eða fyrirkomulagi fyrir meðhöndlun á kvörtunarmálum/kvörtunum til að taka á brotum á meginreglum Sameinuðu þjóðanna um hnattrænt samkomulag um siðferði og ábyrgð í viðskiptum og viðmiðunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki				
	12. Óleiðréttur launamunur kynjanna	Meðaltal óleiðréttis launamunar kynjanna hjá félögum sem fjárfest er í				
	13. Kynjafjölbreyni innan stjórnar	Meðaltalshlutfall kvenkyns og karlkyns stjórnarmanna í félögum sem fjárfest er í, gefið upp sem hlutfall allra stjórnarmanna				
	14. Áhætta gagnvart umdeildum vopnum (jarðsprengjum, klasasprengjum, efnavopnum og sýklavopnum)	Hlutdeild fjárfestinga í félögum sem fjárfest er í sem fást við framleiðslu eða sölu á umdeildum vopnum				

Vísar sem gilda um fjárfestingar í fullvalda ríkjum og yfirþjóðlegum stofnunum						
Vísir um neikvæða sjálfbærni		Mælistika	Áhrif [ár n]	Áhrif [ár n-1]	Skýring	Aðgerðir sem gripið er til og aðgerðir sem eru fyrirhugaðar og markmið sem sett eru fyrir næsta viðmiðunartímabil
Umhverfispættir	15. Styrkur gróðurhúsalofttegunda	Styrkur gróðurhúsalofttegunda í löndum sem fjárfest er í				
Félagslegir þættir	16. Lönd sem fjárfest er í sem falla undir félagsleg brot	Fjöldi landa sem fjárfest er í sem falla undir félagsleg brot (algild tala og hlutfallsleg tala deilt með öllum löndum sem fjárfest er í), eins og vísað er til í alþjóðlegum milliríkja-samningum og sáttmálum, meginreglum Sameinuðu þjóðanna og innlendum lögum þar sem við á				
Vísar sem gilda um fjárfestingar í fasteignum						
Vísir um neikvæða sjálfbærni		Mælistika	Áhrif [ár n]	Áhrif [ár n-1]	Skýring	Aðgerðir sem gripið er til og aðgerðir sem eru fyrirhugaðar og markmið sem sett eru fyrir næsta viðmiðunartímabil
Jarðefnaeldsneyti	17. Áhætta gagnvart jarðefnaeldsneyti í gegnum fasteignaeignir	Hlutdeild fjárfestinga í fasteignum sem tengjast námuvinnslu, geymslu, flutningi eða framleiðslu á jarðefnaeldsneyti				
Orkunýtni	18. Áhætta gagnvart fasteignum með lélegri orkunýtingu	Hlutdeild fjárfestinga í fasteignum með lélegri orkunýtingu				
Aðrir vísar um helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti						
[Upplýsingar um helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti sem um getur í a-lið 1. mgr. 6. gr., á því sniði sem sýnt er í töflu 2]						
[Upplýsingar um helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti sem um getur í b-lið 1. mgr. 6. gr., á því sniði sem sýnt er í töflu 3]						
[Upplýsingar um hvers kyns önnur neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti sem notaðir eru til að greina og meta helstu neikvæðu viðbótaráhrif á sjálfbærniþætti sem um getur í c-lið 1. mgr. 6. gr., með því sniði sem sýnt er í töflu 2 eða töflu 3]						

Lýsing á stefnum til að tilgreina og forgangsraða helstu neikvæðu áhrifum á sjálfbærniþætti

[Upplýsingar sem um getur í 7. gr.]

Pátttökustefnur

[Upplýsingar sem um getur í 8. gr.]

Tilvísanir í alþjóðlega staðla

[Upplýsingar sem um getur í 9. gr.]

Sögulegur samanburður

[Upplýsingar sem um getur í 10. gr.]

Tafla 2		
Viðbótarloftslagsvísar og aðrir umhverfistengdir vísar		
Neikvæð sjálfbærniáhrif	Neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti (eigindleg eða meginndleg)	Mælistika
Vísar sem gilda um fjárfestingar í félögum sem fjárfest er í		
LOFTSLAGSVÍÐAR OG AÐRIR UMHVERFISTENGDIR VÍÐAR		
Losun	1. Losun ólífrænna mengunarefna	Tonn af ólífrænum mengunarefnajafngildum á hverja milljón evra sem fjárfest er í, gefið upp sem vegið meðaltal
	2. Losun loftmengunarefna	Tonn af jafngildi loftmengunarefna á hverja milljón evra sem fjárfest er í, gefið upp sem vegið meðaltal
	3. Losun á ósoneyðandi efnum	Tonn af jafngildi ósoneyðandi efna á hverja milljón evra sem fjárfest er í, gefið upp sem vegið meðaltal
	4. Fjárfestingar í félögum sem ekki eiga frumkvæði að minnkun kolefnislosunar	Hlutdeild fjárfestinga í félögum sem fjárfest er í sem ekki eiga frumkvæði að minnkun kolefnislosunar sem miðast við að samræmast Parísarsamningnum

Orkunýting	5. Sundurliðun orkunýtingar eftir tegundum óendurnýjanlegra orkugjafa	Hlutdeild orku frá óendurnýjanlegum orkugjöfum sem félög sem fjárfest er í nota, sundurliðað eftir sérhverjum óendurnýjanlegum orkugjafa
Losun vatns, úrgangs og efnis	6. Vatnsnotkun og endurvinnsla	1. Meðalvatnsnotkun félaga sem fjárfest er í (í rúmmetrum) á hverja milljón evra af tekjum félaga sem fjárfest er í 2. Vegið meðaltal hlutfalls af vatni sem félag sem fjárfest er í endurvinnur og endurnýtir
	7. Fjárfestingar í félögum án stefnu í vatnsstjórnun	Hlutdeild fjárfestinga í félögum sem fjárfest er í, sem ekki hafa stefnu í vatnsstjórnun
	8. Áhætta gagnvart svæðum þar sem álag er mikið á vatnsauðlindir	Hlutdeild fjárfestinga í félögum sem fjárfest er í með athafnasvæði á svæðum þar sem mikið álag er á vatnsauðlindir, án stefnu í vatnsstjórnun
	9. Fjárfestingar í félögum í efnaframleiðslu	Hlutdeild fjárfestinga í félögum sem stunda starfsemi sem fellur undir deild 20.2 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1893/2006
	10. Landhnignun, eyðimerkurmyndun, aflokun jarðvegs	Hlutdeild fjárfestinga í félögum sem fjárfest er í og fara með starfsemi sem veldur landhnignun, eyðimerkurmyndun eða aflokun jarðvegs
	11. Fjárfesting í félögum sem ekki stunda sjálfbæra ræktun/landbúnað	Hlutdeild í fjárfestingum í félögum sem ekki starfa eftir aðferðum eða stefnu um sjálfbæra ræktun/landbúnað
	12. Fjárfesting í félögum sem eru ekki með sjálfbærar úthafs-/hafsvæðisaðferðir	Hlutdeild fjárfestinga í félögum sem fjárfest er í sem ekki starfa eftir sjálfbærum úthafs-/hafsvæðisaðferðum eða -stefnum
	13. Hlutfall óendurunnins úrgangs	Tonn af óendurrunnum úrgangi frá félögum sem fjárfest er í á hverja milljón evra sem er fjárfest, gefið upp sem vegið meðaltal
	14. Náttúrulegar tegundir og vernduð svæði	1. Hlutdeild fjárfestinga í félögum sem fjárfest er í og eru með starfsemi sem hefur áhrif á tegundir sem er ógnað

		2. Hlutdeild fjárfestinga í félögum sem fjárfest er í án stefnu um verndun líffræðilegrar fjölbreytni sem tekur til athafnasvæða sem eru í eigu, leigð, stjórnað á eða í grennd við friðunarsvæði eða svæði sem hefur mikið gildi vegna líffræðilegrar fjölbreytni utan friðunarsvæða
	15. Skógeyðing	Hlutdeild fjárfestinga í félögum sem eru ekki með stefnu um skógeyðingu
Græn verðbréf	16. Hlutdeild verðbréfa sem ekki eru gefin út samkvæmt löggjöf Sambandsins um umhverfislega sjálfbær skuldabréf	Hlutdeild verðbréfa í fjárfestingum sem eru ekki gefin út samkvæmt löggjöf Sambandsins um umhverfislega sjálfbær skuldabréf
Vísar sem gilda um fjárfestingar í fullvalda ríkjum og yfirþjóðlegum stofnunum		
Græn verðbréf	17. Hlutdeild skuldabréfa sem ekki eru gefin út samkvæmt löggjöf Sambandsins um umhverfislega sjálfbær skuldabréf	Hlutdeild skuldabréfa sem ekki eru gefin út samkvæmt löggjöf Sambandsins um umhverfislega sjálfbær skuldabréf
Vísar sem gilda um fjárfestingar í fasteignum		
Losun gróðurhúsalofttegunda	18. Losun GHL	Losun GHL frá fasteignum, umfang 1
		Losun GHL frá fasteignum, umfang 2
		Losun GHL frá fasteignum, umfang 3
		Heildarlosun GHL frá fasteignum
Orkunotkun	19. Orkunotkunarkræfni	Orkunotkunarkræfni í GWh á hvern fermetra fasteigna í eigu
Úrgangur	20. Úrgangur frá starfsemi	Hlutdeild fasteigna sem hafa ekki aðstöðu fyrir flokkun úrgangs og fellur ekki undir endurnýtingar- eða endurvinnslusamning um úrgang

Auðlindanýting	21. Hráefnisnýting í nýbyggingum og við meiri háttar endurbætur	Hlutdeild hráefnis til bygginga (að undanskildum endurheimtu, endurunnu og lífrænu efni) í samanburði við heildarþyngd byggingarefna sem eru notuð í nýbyggingar og við meiri háttar endurbætur
Líffræðileg fjölbreytni	22. Landgerving	Hlutdeild gróðurlauss yfirborðsflatar (yfirborð sem er ekki gróið í jarðvegi og á þökum, svölum og veggjum) í samanburði við heildaryfirborðsflöt reita allra eigna

Tafla 3

Viðbótarvísar fyrir félags- og starfsmannatengd mál, virðingu fyrir mannréttindum, mál sem varða baráttuna gegn spillingu og mútum

VÍSAR FYRIR FÉLAGS- OG STARFSMANNATENGD MÁL, VIRÐINGU FYRIR MANNRÉTTINDUM, MÁL SEM VARÐA BARÁTTUNA GEGN SPILLINGU OG MÚTUM		
Neikvæð sjálfbærniáhrif	Neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti (eigindleg eða megindleg)	Mælistika
Vísar sem gilda um fjárfestingar í félögum sem fjárfest er í		
Félags- og starfsmannamál	1. Fjárfestingar í félögum sem vinna ekki að forvarnarstarfi á vinnustað	Hlutdeild fjárfestinga í félögum sem fjárfest er í, sem ekki hafa forvarnarstefnu vegna vinnuslysa
	2. Slysatiðni	Slysatiðni í félögum sem fjárfest er í, tilgreind sem vegið meðaltal
	3. Fjöldi tapaðra daga vegna meiðsla, slysa, dauðsfalla eða veikinda	Fjöldi tapaðra vinnudaga vegna meiðsla, slysa, dauðsfalla eða veikinda hjá félögum sem fjárfest er í, sett fram sem vegið meðaltal
	4. Hegðunarviðmið birgja ekki fyrir hendi	Hlutdeild fjárfestinga í félaga sem fjárfest er í sem engin hegðunarviðmið birgja gilda um (gegn ótryggum vinnuskilyrðum, ótraustri vinnu, barnavinnu og nauðungarvinnu)

	5. Skortur á fyrirkomulagi fyrir meðhöndlun á kvörtunarmálum/kvörtunum sem tengjast starfsmannamálum	Hlutdeild fjárfestinga í félögum sem fjárfest er í án þess að fyrir hendi sé neitt fyrirkomulag fyrir meðhöndlun á kvörtunarmálum/kvörtunum sem tengjast starfsmannamálum
	6. Ófullnægjandi vernd uppljóstrara	Hlutdeild fjárfestinga í einingum sem ekki hafa markað sér stefnu um vernd uppljóstrara
	7. Tilvik þar sem um mismunun er að ræða	1. Fjöldi tilvika þar sem tilkynnt er um mismunun í félögum sem fjárfest er í, tilgreindur sem vegið meðaltal 2. Fjöldi tilvika þar sem um mismunun er að ræða sem leiða til viðurlaga í félögum sem fjárfest er í, settur fram sem vegið meðaltal
